FRÉTTABRÉF LANDSPÍTALA

SPÍTALAPÚLSINN

SEPTEMBER



VEL GERT! Kristrún Frostadóttir forsætisráðherra og Alma Möller heilbrigðisráðherra heimsóttu Landspítala og virtust ánægðar með það sem þær sáu.

Mikilvægir áfangar í skugga viðkvæmrar stöðu



Runólfur Pálsson
Forstjóri Landspítala

Nú þegar haustið gengur í garð er betri staða innan bráðaþjónustu spítalans kærkomin breyting og gleðilegt að ákveðinn vinnufriður skapist til góðra verka. Fækkun sjúklinga með samþykkt færni- og heilsumat sem vistast langdvölum á spítalanum er mikilvægur og langþráður áfangi. Hins vegar getur ávinningur sem þessi breyst hratt til hins verra eins og við höfum ítrekað séð á undanförnum árum. En það eru fleiri jákvæðar fregnir innan bráðaþjónustunnar. Á næstunni opnar bráðamatsdeild sem mun gefa okkur 20 ný legurými og eru bundnar vonir við að sú mikla vinna sem unnin hefur verið við endurskipulagningu bráðaþjónustunnar síðustu ár skili tilætluðum árangri í kjölfarið. Hefur verið lögð áhersla á að velta við öllum steinum þannig að hægt verði að takast á við fleiri og flóknari verkefni ásamt því að hámarka nýtingu úrræða, skilvirkni og hagkvæmni. Bráðadagdeild lyflækninga og flýtiþjónusta sérgreina eru einnig hluti af þessu verkefni og enn fremur er stefnt að uppbyggingu öflugrar heimaspítalaþjónustu á komandi misserum. Með þessum breytingum er fyrst og síðast lögð áhersla á bætta þjónustu við sjúklinga með markvissri stýringu í viðeigandi farvegi innan bráðaþjónustunnar. Ég er þakklátur öllu því starfsfólki sem hefur lagt hönd á plóg við að efla þennan þjónustuþátt sem oft og tíðum er andlit spítalans út á við.

Nú hafa fjárlög ársins 2027 verið lögð fram á Alþingi og vekur það líkt og oft áður upp blendnar tilfinningar. Það er óumdeilt að fjárframlög til Landspítala hafa ekki haldið í við þjónustuaukningu síðustu ára auk þess sem háskólahlutverk spítalans hefur

Framhald á næstu síðu. ▶

lengi verið vanfjármagnað. Svo virðist sem herða eigi áfram aðhaldsaðgerðir á opinberar stofnanir og er spítalinn ekki undanskilinn því. Ég óttast að þessi ráðstöfun muni hefta nauðsynlega framþróun innan Landspítala og þannig óhjákvæmilega leiða til stöðnunar. Við stöndum þegar höllum fæti í samanburði við háskólasjúkrahús á hinum Norðurlöndunum og munum dragast enn frekar aftur úr ef heldur sem horfir. Verður það að teljast varhugaverð staða fyrir okkar eina háskólasjúkrahús.

Ljóst er að fjármögnun á grundvelli þjónustutengdrar fjármögnunar hefur ekki verið í samræmi við veitta þjónustu, líkt og slíkri fjármögnun er ætlað, og því má segja að raunveruleiki fastrar fjármögnunar sé enn við lýði. Ef spítalinn fengi greitt fyrir unnin verk líkt og þjónustutengd fjármögnun gerir ráð fyrir stæði rekstur spítalans vel. Leita þarf allra mögulegra leiða til að standa betur að þróun Landspítala til framtíðar. Vissulega eru miklar væntingar til meðferðarkjarnans og rannsóknahússins sem nú rísa við Hringbraut. En það dugar ekki til að Landspítali verði öflugt háskólasjúkrahús í framtíðinni. Ljóst er að ríkissjóður býr yfir takmörkuðum fjármunum og því verðum við að sýna skilning. Af þeim sökum er brýnt að skoða nýtingu allra þeirra fjármuna sem veittir eru til heilbrigðisþjónustunnar og meta hvort tækifæri séu til hagræðingar sem gæti komið að notum fyrir Landspítala því þótt skórinn kreppir víða þá er nauðsynlegt að standa vörð um þjónustu eina háskólasjúkrahúss þjóðarinnar. Í því skyni verður að leggja höfuðáherslu á að efla skipulag þjónustu og nýtingu mannauðs þvert á heilbrigðisþjónustuna með hliðsjón af forgangsröðun verkefna.

Þrátt fyrir erfiða rekstrarstöðu er tilefni til að minna á og lyfta fram því gríðarlega góða starfi sem unnið er alla daga innan Landspítala. Afburðastarfsfólk er ekki með hugann við áskoranir í rekstri þegar það sinnir sjúkum og slösuðum. Þvert á móti eru umhyggja og fagmennska jafnan leiðarljós í þeim störfum og segja má að þar liggi sérstaðan í starfsemi spítalans. Starfsfólk Landspítala er einstakt og er samfélaginu ómetanlegt. Því megum við sjálf ekki gleyma.

Í fréttum var þetta helst

Samantekt á helstu fréttum í sumar þar sem spítalinn kom við sögu.



Ylfa Árnadóttir
Samskiptateymi
Landspítala

Þurfa fleiri blóðgjafa til að anna eftirspurn

Þorbjörn Jónsson, yfirlæknir Blóðbanka- og ónæmisþjónustu Landspítala, segir öldrun þjóðarinnar, ferðamannaflaum og tækniframfarir innan læknavísindanna vera meðal ástæðna þess að fleiri blóðgjafa vantar til þess að anna eftirspurn.

Tímabært að fá nýjan aðgerðaþjarka

Landspítali tók nýjan aðgerðaþjarka í notkun í vor sem nýttur verður til fjölbreyttra verka. Rafn Hilmarsson, yfirlæknir þvagfæraskurðlækninga á spítalanum, segir það hafa verið tímabært að fá nýjan þjarka.

Auka aðgengi að íslenskunámi á Landspítala

Máltæknifyrirtækið Bara tala og stéttarfélögin Sjúkraliðafélag Íslands, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Sameyki, BHM og Efling hafa gert með sér samstarfssamning um að gera stafrænt íslenskunám aðgengilegt fyrir erlent starfsfólk Landspítala.





Spítalinn braut ekki lög

Kærunefnd jafnréttismála komst að þeirri niðurstöðu að Landspítali hefði ekki brotið lög með því að greiða forstöðulæknum hærri laun en forstöðuhjúkrunarfræðingum.

Útskýrði áhrif mikils blóðmissis

Ína Björg Hjálmarsdóttir, deildarstjóri Blóðbankans, svaraði spurningunni „hvað gerist ef allt blóðið fer úr líkamanum?“ í þættinum Hvað viltu vita? á Rás 1.

Heimilisleysi mikilvægt heilbrigðismál

Á fimm ára tímabili kom 621 heimilislaus einstaklingur, tæplega 60 prósent hópsins, samtals 9.491 sinnum á bráðamóttökur Landspítala. Flestar komur voru í Fossvogi. Meðalfjöldi koma á hvern einstakling var fimmtán en sá sem kom oftast gerði það 292 sinnum á tímabilinu. Mikael Smári Mikaelsson, yfirlæknir á bráðamóttökunni, segir að ef það eigi að vera markmið að fækka komum heimilislausra á bráðamóttöku spítalans þurfi að vera til aðrar leiðir fyrir hópinn til að sækja þjónustu sem sé þeim greið.

Gáfu góð ráð við einkennum hitaslags

Hitabylgja gekk yfir víða í Evrópu í sumar. Sasan Már Nobakht, sérfræðingur í bráðalækningum á bráðamóttöku Landspítala, og Jóhanna Brynjarsdóttir, sérnámslæknir í bráðalækningum, ræddu við RÚV um einkenni hitaslags og hvernig eigi að halda sér kældum.

Framhald á næstu síðu.

Nýr Landspítali

Kærur vegna útboða hafa tafið byggingu nýs Landspítala um hálft ár hið minnsta. Beinn og óbeinn kostnaður hleypur þegar á tugum milljóna króna. Áfram er þó stefnt á að spítalinn verði tilbúinn undir lok árs 2029. Framkvæmdatímabil spítalans hófst árið 2010 og nær til 2031.

Nýr búnaður til klínískrar þjónustu í þyrlum Landhelgisgæslunnar

Heilbrigðisráðherra tryggði Landspítala fjármagn til kaupa á nýjum búnaði til klínískrar þjónustu í þyrlum Landhelgisgæslunnar.

Fæðingarþjónustan hafi orðið útundan

Guðrún Gunnlaugsdóttir, ljósmóðir á fæðingarvakt Landspítala, segist harma að ekki hafi verið hugsað til fæðingardeildarinnar við hönnun nýs Landspítala. Nýbakaðar mæður þurfi að dvelja í þröngu rými með öðrum fjölskyldum en hún telur deildina sjálfa barn síns tíma.

Engin tilfelli djúpra bringubeinssýkinga eftir 2017

Á síðastliðnum tveimur áratugum hefur djúpum bringubeinssýkingum eftir opnar hjartaaðgerðir fækkað marktækt hér á landi og er tíðni þeirra nú ein sú lægsta í heiminum. Luis Gísli Rabelo, sérnámsgrunnslæknir í skurðlækningum á Landspítala og doktorsnemi við læknadeild Háskóla Íslands, er fyrsti höfundur vísindagreinar þar sem þetta kemur fram.

Bráðamatsdeildin

Bráðamatsdeildin var til umfjöllunar á RÚV og Telma Huld Ragnarsdóttir, yfirlæknir í almennum lyflækningum á Landspítala, útskýrði fyrir hvaða hóp sjúklinga deildin er ætluð. Einnig var rætt við Margréti Guðjónsdóttur forstöðuhjúkrunarfræðing sem sagðist ekki geta lofað því að það sé liðin tíð að fólk liggi í rúmum frammi á göngum.

Ný stjórn Landspítala

Ný stjórn Landspítala hefur verið skipuð til næstu tveggja ára. Formaður er Regína Ásvaldsdóttir, fyrrverandi bæjarstjóri Mosfellsbæjar, og varaformaður er Birna Einarsdóttir, fyrrverandi bankastjóri Íslandsbanka.

Annasamur mánuður á fæðingardeildinni

Yfir 350 börn fæddust á fæðingardeild Landspítala í júlímánuði sem er óvenjumikið. Að sögn Guðlaugar Erlu Vilhjálmsdóttur yfirljósmóður var þetta stærsti fæðingarmánuður spítalans síðastliðin átta ár. Til samanburðar fæddust rúmlega 280 börn á Landspítalanum í júní.

Tímamót hjá Blóðbankanum

Þann 1. september tók gildi ný reglugerð heilbrigðisráðherra sem felur í sér samræmdar reglur um blóðgjöf fyrir alla einstaklinga, óháð kyni eða kynhneigð. Hópaviðmið hafa því dottið út og einstaklingsbundið áhættumat tekið við. Þetta vakti mikla gleði og ljóst að bætast mun í hóp fastagesta í bankanum.

Fráflæðisvandi Landspítalans minnkar verulega

Staðan á Landspítala varðandi sjúklinga með færni- og heilsumat hefur ekki verið betri það sem af er þessari öld. 244 ný hjúkrunarrými fyrir aldraða hafa verið opnuð síðastliðna 12 mánuði.

Fjarlæging eggjaleiðara dregur úr áhættu á krabbameini


Kolbrún Pálsdóttir, yfirlæknir á kvenlækningadeild Landspítala, segir hægt draga verulega úr áhættu á eggjastokkakrabbameini hjá konum með því að fjarlægja eggjaleiðara. Hún segir aðgerðina oft framkvæmda á sama tíma og legnám en hún vilji tala fyrir því að aðgerðin sé framkvæmd líka þegar aðrar kviðarholsaðgerðir eru gerðar á konum.

Iðunn dregur úr skráningarálagi

Á öldrunardeild L-3 á Landakoti hefur nýtt smáforrit verið í prófun undanfarnar vikur, Iðunn, sem gerir starfsfólki kleift að skrá viðkvæm gögn beint í sjúkraskrá á öruggan hátt en forritið er tengt við SÖGU-kerfið. Þetta eykur gæði þjónustu og stuðlar að betri yfirsýn yfir heilsufar skjólstæðinga.

Iðunn virkar á þá leið að starfsfólk hakar við verkþætti sem hafa verið framkvæmdir, skráir mælingar, hefur yfirlit yfir dagplan skjólstæðinga og getur nálgast áhættumat þeirra fyrir byltum, þrýstingssárum, vannæringu og óráði. Prófunin er liður í þróun á starfsmannaappi Heilsugáttar sem heilbrigðis- og upplýsingatæknideild Landspítala er með í vinnslu.

Skráningarálag og vanskráning er því miður þekkt vandamál í hjúkrun á Íslandi. Nýlegar íslenskar rannsóknir



sýna að hjúkrunarfræðingar eyða óhóflega miklum vinnutíma við tölvur á kostnað beinnar þjónustu við sjúklinga. Það hefur neikvæð áhrif á gæði, öryggi, skilvirkni og starfsánægju.

Iðunn hefur þegar verið innleidd á nokkrum hjúkrunarheimilum og í heimahjúkrun. Þegar gagnsemi Iðunnar á hjúkrunarheimilum var könnuð kom í ljós umtalsvert styttri skráningartími í Sögu og meiri tími sem fagfólk hefur fyrir samveru með sjúklingi. Upplýsingaflæði milli vakta jókst og upplýsingar urðu nákvæmari og rekjanlegri. Með prófun á Iðunni á Landakoti er verið að kanna hvort samskonar árangur náist þar.

Hér er hægt að horfa á viðtal við Björk Rósinkrans Bing, sérhæfðan starfsmann á L-3 á Landakoti.

Vasaspjald bætir undirbúning og eftirlit á einangrunarstofum

- gæðaverkefni á smitsjúkdómadeild



Sólveig Gylfadóttir
Sérnámshjúkrunar-fræðingur

Tilgangur verkefnisins

Verkefnið miðar að því að bæta sýnileika og gæði undirbúnings og daglegs eftirlits á einangrunarstofum. Með því er markmiðið að tryggja öryggi sjúklinga, starfsfólks og annarra sjúklinga með því að styðja við rétta framkvæmd verklags, bæta aðgengi að upplýsingum og einfalda eftirfylgni með hagnýtu verkfæri.

Hvað er vandamálið ?

Verklag við undirbúning og daglegt eftirlit í einangrun er ekki alltaf sýnilegt. Það vantar stundum mikilvæga hluti inni á einangrunarherbergi, sem dæmi hanska, spritt og tæki til lífsmarkamælinga sem getur seinkað meðferð og aukið smithættu. Hingað til hefur ekki markvisst verið farið yfir gátlista og gæðaskjöl eru ekki alltaf aðgengileg í hraða daglegs starfs. Þetta veldur því að verklagið byggir oft á minni og venju frekar en stöðluðu ferli.

Greining á rótarástæðum vandans sýndi að margir þættir hafa áhrif á undirbúning og daglegt eftirlit á einangrunarstofum. Þar á meðal er takmarkaður tími til að fletta upp verklagi, mismunandi þekking starfsfólks á áhættu og tímapressa við innlögn sjúklinga. Starfsfólk hefur yfirleitt ekki tíma til að gera sér ferð inn á vaktherbergi, skrá sig inn á tölvu, opna gæðahandbókina, leita að gæðaskjölum og lesa þau yfir. Ferlið hefur því verið ómarkvisst og í sumum tilvikum kaótískt.

Markmið


Að bæta undirbúning og daglegt eftirlit á einangrunarstofum með einföldu verkfæri sem eykur öryggi og auðveldar starfsfólki að fylgja verklagi.

Íhlutun

Íhlutunin í gæðaverkefninu var vasaspjald þar sem helstu skref við undirbúning einangrunar skv. gæðaskjali frá sýkingavarnadeild eru öðru megin og hinumegin er daglegur gátlisti til að tryggja rétta umgengni á einangrunarstofum. Vasaspjaldið var hannað sem stuðningur við starfsfólk til að auðvelda eftirfylgni við staðlað verklag. Gögnum var safnað fyrir innleiðingu á vasaspjaldi og eftir innleiðingu. Innleiðingin fór fram frá janúar til apríl 2026.

Lærdómur

Með innleiðingu vasaspjaldsins styttist undirbúningstími einangrunar um 50%, úr 18 mínútum í 9 mínútur og fleiri hlutir voru til staðar á einangrunstofu sem áttu að vera til staðar skv. gæðaskjali, hlutfallið fór úr 74% í 96%. Þau atriði sem þurfti að sinna við daglegt eftirlit fór úr 54% í 93%. Jafnframt kom fram í könnun meðal starfsfólks að það taldi öryggi bæði sjúklinga og starfsmanna hafa aukist, starfsfólk upplifði sig fljótara að undirbúa einangrunarstofu og undirbúa stofuna markvisst.



Framhaldið

Með stuðningi menntadeildar hafa verið prentuð stækkuðu A4-vasaspjöld sem höfundi verður falið að afhenda legudeildum Landspítala. Hver deild fær að lágmarki tvö plöstuð A4-vasaspjöld. Tilvalið er að hengja þau upp fyrir utan einangrunarstofu svo þau séu sýnileg starfsfólki. Deildir geta einnig lagt inn pöntun á vasaspjöldum ef þess er óskað. Hægt er að nálgast rafrænt eintak af vasaspjaldinu með því að hafa samband við höfund.

Ef þið hafið áhuga á frekari kynningu á vasaspjaldinu eða gæðaverkefninu er velkomið að heyra í höfundi í tölvupósti solveigy@landspitali.is

Styrkja rannsóknir á sviði öldrunar

Heilbrigðisvísindasjóður heilbrigðisráðuneytisins auglýsir eftir umsóknum um rannsóknarstyrki á sviði öldrunar. Sjóðurinn styrkir rannsóknir í heilbrigðisvísindum frá grunnvísindum til lýðheilsu og klínískra rannsókna en í ár er lögð áhersla á öldrun.

Veittir verða fimm eins árs rannsóknarstyrkir til rannsóknarhópa sem vinna að rannsóknum á öldrun. Hámarksfjárhæð hvers styrks er 15 milljónir króna, auk allt að 5 milljóna króna vegna samreksturs og aðstöðu, þannig að heildarstyrkur getur numið allt að 20 milljónum króna.

Umsóknarfrestur er til 1. október 2026 kl. 15:00 að íslenskum tíma. Nánar hér.





NÝR LANDSPÍTALI - HVAÐ ER FRAMUNDAN?

Fræðsludagur í boði Fagráðs Landspítala

30. september 2026

Staðsetning: Hótel Reykjavík Askja

Fundarstjóri: Andri Ólafsson

DAGSKRÁ

12:00
Húsið opnar

12:30
Ávarp forstjóra
Runólfur Pálsson

12:40
Hlutverk Hringbrautarverkefnis í uppbyggingu spítalans
Lilja Stefánsdóttir

12:50
Sameinuð bráðaþjónusta í meðferðakjarna. Í hverju felast tækifærin?
Sólrún Rúnarsdóttir

13:00
Tækifæri og áskoranir við hönnun gjörgæslu- og skurðstofuhæðar
Sigurbergur Kárason

13:10
Frá fortíð til framtíðar. Umbreyting á lyfjaþjónustu á Landspítala
Karen Lekve

13:20
Rannsóknahús - Sameining rannsóknaþjónustu undir eitt þak
Kristín Jónsdóttir

13:40
Pallborðsumræður
Starfsfólk Landspítala

14:10
Kaffipása

14:30
Landspítali á tímum umbreytinga - hvernig vinnustað viljum við?
Ólafur Baldursson

15:00
Pallborðsumræður
Fyrirlesarar: Runólfur Pálsson, Lilja Stefánsdóttir, Ólafur Baldursson

15:30
Lokaorð
Andri Ólafsson

Léttar veitingar í boði.

LANDSPÍTALI



Mads Tanggaard Okholm verkefnastjóri dauðhreinsideildar í Álaborg tók sjálfu af hópnum

Lærdómsrík heimsókn til Danmerkur:

Nútímadauðhreinsun í nýju ljósi



Sigríður Bryndís Stefánsdóttir
Forstöðuhjúkrunar-fræðingur

Ný dauðhreinsunardeild Landspítala verður eitt af lykilinnviðum nýs meðferðarkjarna á Hringbraut. Til að undirbúa þá vegferð heimsótti hópur frá Landspítala nýjar dauðhreinsunardeildir við sjúkrahús í Køge og Álaborg í Danmörku. Í hópnum voru deildarstjórar dauðhreinsunar og skurðstofukjarna, verkefnastjórar frá Hringbrautarverkefninu og NLSH. Heimsóknin var skipulögð af ráðgjafafyrirtækinu Ramböll í Danmörku. Fyrirtækið hefur komið að hönnun og þróun nýrrar dauðhreinsunardeildar í Álaborg og veitir jafnframt ráðgjöf við hönnun og þróun dauðhreinsunardeildar í nýjum meðferðarkjarna Landspítala.

Grundvöllur öruggrar meðferðar

Dauðhreinsun er órjúfanlegur hluti af öruggri skurðstofustarfsemi og öruggri starfsemi bráðaspítala. Á hverjum degi fara þúsundir skurðverkfæra, bakka og annarra lækningatækja í gegnum ferla sem tryggja að búnaður sé hreinn, öruggur og tilbúinn til notkunar. Þótt starfsemin sé sjaldan áberandi í umræðunni er hún grundvöllur þess að hægt sé að veita sjúklingum örugga og árangursríka meðferð sem felur í sér einhvers konar inngrip eða skurðaðgerð.

Samhliða uppbyggingu nýrra sjúkrahúsa á Norðurlöndunum hafa nýjar dauðhreinsunardeildir risið sem endurspegla mikla tækniþróun og breyttar kröfur til starfseminnar. Víða má finna lausnir sem byggja á sjálfvirknivæðingu, róbótatækni og sjálfvirku lagerhaldi. Á mörgum stöðum eru ferlar orðnir stafrænir frá upphafi til enda og upplýsingar flæða sjálfkrafa milli búnaðar, lagerkerfa og annarra upplýsingakerfa sjúkrahúsanna.



Frá heimsókn á sjúkrahúsið í Køge

Ein stærsta áskorun nýrra lausna felst einmitt í samþættingu kerfa. Þegar búnaður og hugbúnaður koma frá

Framhald á næstu síðu. ▶

mörgum framleiðendum þarf að tryggja að öll kerfin tali saman á öruggan og áreiðanlegan hátt. Þar geta falist bæði tæknilegar og rekstrarlegar áskoranir, sem og tækifæri sem mikilvægt er að greina snemma í undirbúningsferlinu.

Lærdómsríkar heimsóknir

Heimsóknirnar voru sérstaklega lærdómsríkar þar sem þátttakendur fengu tækifæri til að heyra og sjá bæði um það sem hefur gengið vel og það sem reynst hefur erfitt við innleiðingu nýrra ferla og tæknilausna. Heimsóknirnar nýtast vel við áframhaldandi vinnu við undirbúning og ákvarðanatöku vegna nýrrar dauðhreinsunardeildar Landspítala.

Ný dauðhreinsun snýst ekki eingöngu um nýja tækni heldur fyrst og fremst um skipulag, flæði, vinnuumhverfi og samstarf ólíkra eininga. Mikill tími hefur farið í að greina aðfangaflæði, vinnuferla, hlutverk og samskipti milli deilda, enda eru skýrir ferlar og starfsumhverfi lykilþættir í árangursríkri starfsemi.

Ný staðsetning skapar áskoranir og tækifæri

Fyrir Landspítala er fram undan ein stærsta breyting á þessu sviði í áratugi. Starfsemi dauðhreinsunardeildar flytur frá Tunguhálsi yfir á Hringbraut og breytast þar með bæði aðstæður og skipulag. Mikilvægasta breytingin felst í aukinni nálægð við skurðstofur og aðra klíníska starfsemi. Um leið verða ákveðin verkefni færð frá skurðstofum yfir til dauðhreinsunar sem mun hafa áhrif á verkaskiptingu og verklag.

Ný staðsetning skapar jafnframt nýjar áskoranir og tækifæri fyrir starfsfólk. Dauðhreinsunardeildin verður staðsett í kjallara nýja meðferðarkjarnans í hjarta spítalans, ólíkt núverandi starfsemi sem er í sérstöku húsnæði utan meginspítalasvæðisins. Sú breyting hefur áhrif á samgöngur, aðgengi, þjónustuflæði og daglegt starfsumhverfi og verður mikilvægt að horfa vel til þarfa starfsfólks við innleiðingu nýrrar starfsemi.

Á næstu árum mun starfsfólki dauðhreinsunar fjölga og þörf verður fyrir fleiri sótthreinsitækna og aðra sérhæfða starfsmenn. Samhliða tæknivæðingu verður áfram lögð rík áhersla á vinnuvernd, öryggi og góða starfsaðstöðu.



Frá dauðhreinsun í Álaborg.



Birgir Örn Ólafsson, verkefnastjóri í Hringbrautarverkefninu, að máta aðstæður.



AGV (Automated Guided Vehicles) sjálfkeyrandi flutningsvagnar.

Margir þættir stýra árangri

Heimsóknirnar til Køge og Álaborgar staðfestu að innleiðing nýrrar dauðhreinsunardeildar er umfangsmikið breytingaverkefni sem snertir starfsemi margra eininga sjúkrahússins. Reynslan frá þessum sjúkrahúsum sýnir að árangur ræðst ekki eingöngu af vali á tækjum og búnaði heldur af því hvernig tekst að samþætta nýja verkferla, upplýsingakerfi og starfsfólk í eina heild.

Þessi reynsla mun nýtast vel við áframhaldandi undirbúning nýrrar dauðhreinsunardeildar Landspítala, þar sem fram undan eru mikilvægar ákvarðanir um skipulag, tækni, mönnun og vinnuvernd. Flutningur starfseminnar frá Tunguhálsi yfir á Hringbraut mun marka tímamót og skapa tækifæri til að byggja upp nútímalega dauðhreinsun sem styður við örugga og skilvirka þjónustu í nýjum meðferðarkjarna.

Tíminn, vatnið og hunangið



Magnús Gottfreðsson
Forstöðumaður
vísindadeildar

Í rannsóknum er tíminn ekki eins og vatnið í samnefndu ljóði Steins Steinarrs, heldur frekar eins og seigfljótandi hunang sem verður til í flóknu vistkerfi. Fræg athugun úr læknisfræði sýndi að að jafnaði líða 17 ár frá því að rannsóknaspurning er sett fram þar til niðurstöður leiða til raunverulegra breytinga á meðferð sjúklinga. Bjartsýnismenn miða gjarnan við að stefnumótandi ákvörðun um vísindastarf í dag geti farið að skila mælanlegum árangri eftir 10–15 ár. Fullnægjandi fjárhagslegur stuðningur, úthald og langtímahugsun eru því lykilatriði.

Það sem er mælt fær athygli – og það sem fær athygli vex og dafnar. Landspítali hefur um árabil stuðst við fjóra árangursvísa til að meta grósku og gæði vísindastarfs. Árið 2025 fjölgaði erlendum ritrýndum vísindagreinum með aðild starfsmanna spítalans **(mynd 1).** Undanfarin þrjú ár hefur einnig verið fylgst sérstaklega með greinum þar sem fyrsti eða síðasti höfundur, eða báðir, eru starfsmenn Landspítala. Slík verkefni eru líklegri til að vera leidd héðan og skilja eftir varanlegan ávinning í menningu og innviðum spítalans og íslensku rannsóknasamfélagi. Hlutdeild þeirra hefur vaxið úr 31% í 39%, sem er afar jákvætt.


Gæði skipta ekki síður máli en magn. Tilvitnanir í vísindaverk með aðild Landspítala á árunum 2020–2025 hafa verið 80–100% yfir heimsmeðaltali. Fjöldi leyfa frá siðanefndum til nýrra rannsókna er svipaður milli ára, en langtímaþróunin stefnir niður á við og bendir til þess að færri áformi rannsóknir, sem er umhugsunarvert **(mynd 2)**. Fjöldi meistara- og doktorsnema hefur að mestu haldist stöðugur **(mynd 3)**.

Meira áhyggjuefni er þróun rannsóknarstyrkja **(mynd 4)**. Umfang þeirra styrkja sem starfsmenn afla hefur minnkað og árangurshlutfall styrkumsókna lækkað. Þetta skiptir gríðarmiklu máli því styrkir dagsins í dag skapa rannsóknir og árangur framtíðarinnar.

Stuðningur við samkeppnissjóði hefur ekki verið í samræmi við yfirlýsingar stjórnvalda né vísindastefnu Landspítala um árabil. Stuðningur við vísindi er engu að síður frábær ráðstöfun fjármuna því hann skilar sér í öruggari og betri meðferð sjúklinga, beinum fjárhagslegum ávinningi og aukinni starfsánægju.


COVID-19 heimsfaraldurinn minnti okkur rækilega á mikilvægi vísindalegrar þekkingar. Ísland tókst þar á við risavaxið verkefni með samstöðu og vísindi að leiðarljósi. Við þurfum að halda áfram að vinna þannig. Skýr markmið, viðeigandi stuðningur og árangursríkt samstarf skipta sköpum – en afraksturinn kemur ekki strax í ljós. Þess vegna þurfum við stöðugt að minna okkur sjálf, stjórnvöld og samfélagið á að rannsóknir eru forsenda framfara í heilbrigðisvísindum.

Ritrýndar greinar starfsmanna Landspítala árin 2020-2025




Mynd 1

Fjöldi nýrra leyfa til rannsókna 2020-2025



Mynd 2

Fjöldi doktors- og meistaranema árin 2020-2025 sem tengjast Landspítala




Fjöldi doktors- og meistaranema sem tengjast Landspítala í sínu námi á beinan eða óbeinan hátt, ýmist sem starfsmenn spítalans eða njóta leiðsagnar starfsmanna eða nýta gögn spítalans.

Nemarnir stunda nám við íslenska og erlenda háskóla.

Mynd 3

Vísindastyrkir starfsmanna Landspítala árin 2020-2025



Mynd 4

Fósturgreiningardeild flytur aftur á Hringbraut

Fósturgreiningardeild kvenna- og barnaþjónustu Landspítala flytur aftur í kvennadeildarhúsið við Hringbraut fimmtudaginn 17. september nk. og verður til húsa á 2. hæð í B-álmu.

Deildin flutti starfsemi sína tímabundið í Skógarhlíð í desember 2021 vegna umfangsmikilla viðgerða og endurbóta á útveggjum og húsnæði B-álmu kvennadeildarinnar. Að framkvæmdum loknum sameinast þjónustan loks á nýjum og endurbættum stað. Með flutningnum verður meðgönguvernd, fósturgreining og bráðaþjónusta kvenna- og barnaþjónustu aftur undir sama þaki, sem tryggir betra flæði, nánara samstarf fagfólks og enn heildstæðari þjónustu við skjólstæðinga.

Á fósturgreiningardeild er veitt sérhæfð þjónusta, svo sem:



- *11–14 vikna fósturskimun*
- *20 vikna fósturskimun*
- *Vaxtar- og flæðismælingar*
- *Legvatns- og fylgjuvefssýnatökur*

Starfsfólk deildarinnar hlakkar til að taka á móti verðandi foreldrum og fjölskyldum í endurbættu húsnæði við Hringbraut.





Mikilvægar dagsetningar í vísindastarfi Landspítala í september og október

Kynning - Fjárumsýsla vísindaverkefna **16. september** (í Hringsal kl 12.00)

Opnað verður fyrir innsendingu ágripa fyrir Vísindi á vordögum 2027 um **miðjan september.**

Vísindavaka Rannís **26. september**

Lokadagsetning fyrir umsókn til Heilbrigðisvísindasjóðs **1. október**

Master Class- Auðna Tæknitorg **7.- 8. október**

Opnað verður fyrir umsóknir til Vísindasjóðs Landspítala í **október** (nánar auglýst síðar)

Opnað verður fyrir umsóknir fyrir „unga/efnilega“ vísindamenn í **október** (nánar auglýst síðar)

AUÐNA TÆKNITORG · TTO ICELAND

MASTER CLASS

CREATING IMPACT FROM RESEARCH

7–8 OCT 2026

VENUE
Gróska, Reykjavík

Two inspiring days of learning and networking for researchers, postdocs, PhD students and university staff, and a hands-on look at how to turn your research into real-world impact.

WHAT YOU'LL GAIN

01 Learn why intellectual property matters and how to protect your ideas

02 Explore funding opportunities and support systems

03 Gain new perspectives on the societal impact of research

04 Be inspired by innovation stories and case studies

05 Use practical tools like the Business Model Canvas to shape your project

06 Get advice on pathways such as spin-offs and collaboration

"Every PhD student or academic person should attend the MasterClass once to better grasp what the world can offer and how to protect IP."

MASTERCLASS PARTICIPANT

Skráning hér.

Please notify Auðna TTO in case of cancellation. · info@ttoiceland.is

AUÐNA TÆKNITORG TTO ICELAND

Staðan í haustbyrjun á nýbyggingu við Grensás:

Bylting í aðstöðu endurhæfingar



Fríða Sigríður Jóhannsdóttir
Verkefnastjóri í Hringbrautarverkefninu

Nýbyggingin við Grensás þar sem NLSH ohf. fer fyrir verkefninu er að komast á lokastig. Framkvæmdir hófust í lok árs 2023, fyrst jarðvinna og í kjölfarið uppsteypa og fullnaðarfrágangur.

Síðastliðið ár hefur húsnæðið verið að taka á sig mynd enda hafa áætlanir NLSH gengið eftir og stefnir ÍSTAK á að afhenda NLSH húsið í október næstkomandi. Það er gaman að segja frá því að ítrekað hafa framkvæmdaaðilar nefnt einstaklega gott viðmót og skilning starfsfólks, sjúklinga og aðstandenda á Grensási sem hafa vissulega mátt þola talsvert ónæði á framkvæmdartíma.

Frá upphafi verkefnis hefur aðkoma Landspítala í formi notendasamráðs verið mikil við gerð þarfagreininga, aðkomu að hönnunarferli sem og í tengslum við kaup á búnaði og tækjum. Þar leika lykilhlutverk starfsmenn Grensáss.

Þegar nýbyggingin verður tekin í notkun mun aðstaða starfsfólks, sjúklinga og aðstandenda breytast til hins betra enda er hér um að ræða fyrsta





Framhald á næstu síðu. ▶

sérhannaða endurhæfingarhús spítalans. Aðkoma Hollvina að þessu verkefni, bæði sem áhrifamikil hagsmunasamtök og með beinum fjárframlögum til tækjakaupa, er þessu verkefni ómetanleg.

Á fyrstu hæð nýbyggingar verður rúmgóð aðstaða sjúkra- og iðjuþjálfunar þar sem verða meðal annars tæki til endurhæfingar sem núverandi húsnæði býður ekki uppá. Þar verður einnig bjartur matsalur fyrir starfsfólk, skjólstæðinga og aðra matargesti. Á annarri hæð verður legudeild með 19 einbýlum og allri aðstöðu til samræmis við sjúkrastofur í meðferðarkjarna.

Þegar Landspítali hefur fengið húsnæðið afhent frá NLSH hefst ýmis konar vinna við að „breyta byggingu í sjúkrahús“, þar á meðal heildarprófanir á öllum kerfum. Samhliða því hefst undirbúningur starfseminnar fyrir flutning með öllu sem því fylgir. Áætlanir Landspítala eru að hefja starfsemi í nýbyggingu vorið 2027.








Stefnt að styrkingu innri upplýsingamiðlunar

Á síðasta vetri vann starfshópur að tillögum um hvernig bæta mætti innri upplýsingamiðlun á Landspítala. Vinnan byggði meðal annars á könnun meðal starfsfólks og samtölum við ólíka hópa innan spítalans.

Niðurstöðurnar sýna að starfsfólk fær upplýsingar eftir mörgum leiðum og ekki er alltaf skýrt hvaða miðill er ætlaður fyrir hvaða upplýsingar. Markmiðið er því að einfalda fyrirkomulagið og auðvelda starfsfólki að nálgast og fylgjast með þeim upplýsingum sem það þarf.

Tillögur starfshópsins hafa nú verið



teknar saman í stefnu og innleiðing hennar er að hefjast. Fyrsta skrefið er að vinna með deildum og starfseiningum að samræmdari notkun Teams og Viva Engage fyrir dagleg samskipti og upplýsingamiðlun. Hver eining velur þann miðil sem hentar starfseminni best.

Samhliða verður skipulag og hlutverk samfélaga á Viva Engage endurskoðað og einfaldað. Í næstu áföngum verður unnið áfram með aðra þætti stefnunnar með það að markmiði að gera innri upplýsingamiðlun markvissari og aðgengilegri fyrir starfsfólk.

Hægt verður að fylgjast með framvindu verkefnisins á sérstakri upplýsingasíðu á innra netinu. Þar má nálgast stefnuna, upplýsingar um innleiðinguna og leiðbeiningar og stuðningsefni sem bætist við eftir því sem verkefninu vindur fram.



Gulur dagur á Landspítala

Guli dagurinn var 10. september, á alþjóðlegum forvarnadegi sjálfsvíga.

Á gula deginum var fólk hvatt til að klæðast gulu og skreyta með gulu og sýna þannig stuðning við geðheilbrigði og sjálfsvígsforvarnir. Gulur er litur sjálfsvígsforvarna og táknar von, hlýju og stuðning. Markmið dagsins er að auka meðvitund fólks um mikilvægi geðræktar og sjálfsvígsforvarna með kærleika, aðgát og umhyggju að leiðarljósi.

Á legudeild geðrofssjúkdóma, bráðalegudeild geð- og fíknisjúkdóma og á barna- og unglingageðdeild var guli liturinn allsráðandi, hvort sem um var að ræða peysur, höfuðföt, klúta eða kökur. Þá lét starfsfólk Landspítala sem klæðast þarf sérstökum vinnufatnaði ekki sitt eftir liggja og bar gula límmiða með semikommu til að sýna samstöðu. Semikomman er kennimerkið fyrir gulan september og vísar til framhalds; seiglu og vonar.















Skáldsögur um lífið og tilveruna góður grunnur fyrir læknastarfið



Ylfa Árnadóttir
Samskiptateymi
Landspítala

Hulda Hjartardóttir lét af störfum sem yfirlæknir fæðingateymis Landspítala síðastliðið sumar, 37 árum eftir að hún hóf fyrst störf á kvennadeild spítalans sem sérnámslæknir. Hún er í miklum metum hjá þeim sem hafa notið aðstoðar hennar og lýsa samstarfsmenn henni sem traustri, yfirvegaðri, einstaklega fagmannlegri og með skýra sýn. Skal engan undra að alveg frá því hún ákvað að fara í læknisfræði var stefnan sett á að verða fæðingarlæknir. Það sem gæti þó komið fólki á óvart er að Hulda hóf upphaflega nám í málvísindum við Háskóla Íslands og stefndi á að verða málfræðingur. Örlögin gripu aftur á móti í taumana; hún eignaðist frumburðinn fyrsta veturinn í náminu og varð í kjölfarið heilluð af öllu tengdu fæðingum. Hún keypti kennslubækur um fæðingafræði í Bóksölu stúdenta og eftir það varð ekki aftur snúið. Næsta haust hóf hún nám í læknisfræði.

Eftir að Hulda lauk sérnáms-grunnsárinu árið 1989 hóf hún störf á kvennadeildinni og var þar fyrstu tvö árin í sérnáminu í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp. Hún flutti því næst til Bretlands þar sem hún lauk bresku sérfræðiprófi árið 1994 og varð þá meðlimur (MRCOG) í Royal College of Obstetricians and Gynaecologists og síðan fellow (FRCOG) í september 2015. Hún fékk sérfræðileyfi á Íslandi í október 1997 og hóf störf árið eftir sem sérfræðingur á kvennadeild Landspítala. Árið 2017 varð hún yfirlæknir fæðingateymisins.

Legudögum fækkað verulega

Spurð um helstu breytingarnar sem hafa orðið á þessum tæpu fjörutíu árum sem hún hefur unnið á kvennadeildinni, segir Hulda að hvað varðar deildina sjálfa þá hafi þar verið að finna þrjár legudeildir, samanborið við eina nú, enda var meira um að konur lægju inni fyrir og eftir fæðingu. Á meðgöngudeild gátu konur legið jafnvel mánuðum saman og á sængurkvennadeildunum tveimur lágu konur frá þremur og allt upp í sjö daga. „Við höfum getað fækkað því mjög mikið að konur þurfi að liggja inni hjá okkur, án þess að það hafi leitt til verri útkomu. Ef eitthvað er

„Við höfum getað fækkað því mjög mikið að konur þurfi að liggja inni hjá okkur, án þess að það hafi leitt til verri útkomu.“

Framhald á næstu síðu. ▶

hefur útkoman orðið betri enda var það byggt á frekar litlum vísindagrunni að láta konur liggja fyrir stundum vikum saman," segir Hulda.

Fleiri frísk börn fyrir tilstuðlan ómskoðana

Hvað varðar tækniframfarir síðustu áratugina segir Hulda það hafa verið mikla byltingu þegar ómskoðanir komu fram. Þær voru vissulega orðnar hluti af starfinu á kvennadeildinni á níunda áratugnum þegar hún steig sín fyrstu skref sem læknir en þá voru tækin svo stór að þau fylltu næstum heilt herbergi og ekki var auðveldlega hægt að færa þau á milli staða. Gríðarleg þróun hafi orðið næstu 10-20 árin á eftir og eru nú til þráðlaus ómtæki litlu stærri en farsímar.

Hulda segir að þessi bylting með tilkomu ómskoðana hafi falist í því að með þeim var hægt að skoða barnið og vita fyrirfram hvort það væru fósturgallar til staðar, hvort hætta væri á ferðum vegna blóðleysis hjá barninu þegar móðirin væri með mótefni (Rhesus-misræmi), komast að því hvort barnið væri lítið nú eða leiða í ljós að börnin væru fleiri en eitt og í kjölfarið sjá hvort fjölburarnir væru eineggja eða ekki. Fjölmörgum vandamálum, sem ómskoðanir leiða í ljós, er hægt að bregðast við og leysa meðan á meðgöngunni stendur og þannig „breyta algjörlega útkomunni," segir Hulda. „Við fáum frísk börn í stað þess að þau séu mögulega mjög lasin." Þetta má til dæmis gera með því að setja fæðingu af stað á réttum tímapunkti, t.d. þegar um vaxtarskerðingu er að ræða. Í öðrum tilvikum sé hægt að undirbúa fæðingu vel svo barnið fái strax sérhæfða meðferð nýburalækna, skurðlækna eða hjartalækna sem hafi sýnt sig að bæta bæði lifun þeirra og heilsu.

Á meðan ómskoðanir hafa fyrst og fremst verið gerðar í eftirliti á meðgöngu hafa síðastliðin ár verið gerðar ýmsar rannsóknir á því hvernig þær geta komið að gagni í fæðingum. Þótti Huldu möguleikarnir sem því fylgja svo áhugaverðir að hún dreif sig í doktorsnám til að geta rannsakað þá nánar.

Að vera til staðar á hamingju- og sorgarstundum

Hulda segir það vera mikil forréttindi að fá að vera með fólki á



Ný tækni verður að vera til bóta

Doktorsverkefni Huldu tengdist notkun ómtækja í fæðingum - hvað sé eðlilegt að sjá með þeim og hvernig þau geta hjálpað við að meta fæðingar. „Þegar ný tækni kemur fram þarf að passa að þótt manni finnist hún sniðug og skemmtileg, þá verður hún alltaf að vera til bóta," segir Hulda. „Ef þú myndir skoða konu í fæðingu með ómtæki, halda að eitthvað sé óeðlilegt og gera inngrip byggt á því sem reynist svo hafa verið óþarfi, þá er kannski verr af stað farið en heima setið." Í doktorsverkefni sínu fylgdist Hulda með fæðingum hjá frumbyrjum, kortlagði hvað er eðlilegt, hvernig fæðing er þegar horft er á hana með ómtæki og teiknaði í kjölfarið upp grafískar myndir af því. Hún varði svo doktorsritgerð sína, Ómskoðanir til að meta framgang og snúning fósturhöfuðs í fæðingum frumbyrja, fyrir fimm árum.

þessari merkilegu stundu þegar barn þeirra kemur í heiminn. „En þegar maður starfar við þetta þá skiptir mjög miklu máli fyrir okkur að geta líka verið með fólki þegar eitthvað kemur upp á. Þá er auðvitað markmiðið að reyna að gera sorgina, sem óhjákvæmilega fylgir, eins bærilega og upplifunina eins þolanlega og hægt er og fylgja fólki vel eftir," segir hún. „Það er mjög þakklátt ef vel gengur og maður fær gjarnan mestu þakkirnar frá því fólki."

Spurð hvernig hægt sé að reyna að taka ekki inn á sig þann mikla harm sem fólk upplifir þegar illa fer, segir Hulda að þá verði að hafa hugfast að þetta sé sorg fólksins og þótt maður megi vera þátttakandi þá þurfi að passa að taka ekki yfir. „Maður þarf að geta verið þessi stuðningur á hliðarlínunni, það er okkar hlutverk. Það er í sjálfu sér ekkert að því að starfsfólk sýni viðbrögð, það gerist oft að fólk fellir tár með þeim sem eru að ganga í gegnum erfiðustu sorgina. Því er aldrei á neinn hátt held ég tekið á neikvæðan hátt af þeim sem eru að ganga í gegnum það. Síðan þarf maður að reyna að halda fókus og hugsa hvernig sé með bestum hætti hægt að styðja við þetta fólk. Svo er það stundum þannig að starfsfólk sýnir þessa rólegu, faglegu hlið en fer

Framhald á næstu síðu.

síðan fram og grætur. Það gerist líka, en maður þarf að reyna að finna hvað er viðeigandi.“

Það er ekki alltaf hægt að víkja öllum vinnutengdum málum úr huganum þegar búið er að stimpla sig út í lok vaktar. „Það eru óhjákvæmilega alltaf mál sem snerta meira við manni en önnur og það geta verið alls konar ástæður fyrir því. Við getum sjálf verið að ganga í gegnum erfiðleika eða það er verið að ýfa upp gömul sár hjá okkur svo það er ekki alltaf hægt að skilja vinnuna eftir,“ segir Hulda. „Maður tekur alltaf eitthvað með sér heim.“

Góð samvinna ljósmæðra og fæðingarlækna nauðsynleg

Aðspurð segir Hulda að þegar hún tók við yfirlæknastöðunni árið 2017 hafi hún ekki verið með fastmótaða mynd af því hvernig stjórnandi hún vildi vera. „En ég vildi gjarnan leggja traust á mitt samstarfsfólk. Ég var með frábært fólk og vildi vinna vel með ljósmæðrunum líka og hafa gott traust þarna á milli,“ segir hún. Í þessu starfi sé afar mikilvægt að fæðingarlæknar og ljósmæður séu samtaka. „Ég hef oft sagt að besta fæðingarhjálpin og besta útkoman í heiminum er í þessum löndum þar sem bæði ljósmæður og fæðingarlæknar vinna og þar sem samstarfið er gott.“

Sem yfirlæknir vildi hún leggja áherslu á að reikna ætti með að fæðing sé eðlilegt fyrirbæri og að langflestar konur geti fætt eðlilega. Fyrsta hugsunin eigi alltaf að vera hvernig hægt sé að hjálpa konunni að fæða eðlilega, þrátt fyrir að hugsanlega hafi eitthvað ekki gengið vel í fyrri fæðingum eða meðgangan sé á einhvern hátt flókin. Næst eigi að huga að því hvernig hægt sé að tryggja sem best öryggi móður og barns. Ýmis inngrip geti verið nauðsynleg og beinlínis ráðlögð en það þurfi að fara fram samtal um kosti og galla eins og hægt er. Nauðsynlegt sé að huga að hvoru tveggja öryggi og upplifun. „Þegar útkoman er almennt svona góð að því leytinu til að konur deyja sjaldan í fæðingu eða verða fyrir alvarlegum skaða og börn deyja sjaldan í tengslum við meðgöngu og fæðingu þá fer fólk meira að horfa til þess að upplifunin þurfi að vera sem best,“ segir Hulda. Gagnrýni sem starfsfólk á fæðingardeildinni fái helst tengist



„Ég hef oft sagt að besta fæðingarhjálpin og besta útkoman í heiminum er í þessum löndum þar sem bæði ljósmæður og fæðingarlæknar vinna og þar sem samstarfið er gott.“

því að viðmótið hafi ekki verið nógu gott eða konum finnist ekki hafa verið hlustað á þær. „Kvartanir snúast meira um upplifun en beinlínis útkomu. Þetta er eitthvað sem við verðum alltaf að hafa í huga því fæðing er svo gríðarlega persónuleg upplifun. Það er þetta samstillta verkefni okkar og ljósmæðranna að reyna að tryggja að hver kona fái þá þjónustu, viðmót og tíma sem hún þarf. Það er ekki hægt að setja fæðingar í box eða endalausa ramma. Það þarf að vera ákveðinn sveigjanleiki.“

Mikilvægt að kunna að eiga í góðum samskiptum við fólk

Hulda segir starfið hafa kennt sér mikið um fólk og lífið. „Ég hef oft sagt að mér finnst ofuráhersla á að undirbúa sig fyrir læknanám með mikilli stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði en ég er ekkert endilega á því að það sé verra að hafa fengið góðan grunn í tungumálum og bókmenntum. Að lesa skáldsögur sem fjalla um lífið og tilveruna. Samskipti eru svo stór hluti af okkar starfi. Hvernig talar maður við fólk, hvernig upplifir fólk heiminn, hvaða reynslu hefur það á bakinu þegar við hittum það sem getur svo haft áhrif á viðmót þess við okkur og hvernig okkar viðmót gagnvart því skilar sér. Maður þarf svo mikið að lesa fólk og það er ekki spurning að maður lærir á fólk í svona löngu starfi.“



Framþróun í krabbameinsþjónustu Landspítala



Sigríður Gunnarsdóttir
Forstöðumaður fræðasviðs í krabbameinshjúkrun á Landspítala

Það er mikill kraftur fólginn í orðinu *framþróun*. Það vísar til þess að horfa fram á veginn, þróast, breytast og dafna. Framþróun felur í sér hreyfingu og vöxt og er í raun ein af lífæðum heilbrigðisþjónustunnar, sem er síbreytileg og kvik þrátt fyrir að maður skynji ekki alltaf breytingar í dagsins önn. Án framþróunar verður stöðnun og jafnvel afturför.

Það má með sanni segja að framþróun einkenni starf krabbameinsþjónustu Landspítala. Árangur krabbameinsmeðferða á Íslandi er góður á alþjóðlegan mælikvarða og sífellt fjölgar þeim sem lifa lengi eftir krabbameinsgreiningu. Þar skiptir miklu máli sú þróun sem orðið hefur í greiningu, meðferð og eftirfylgd.

„Þörf fyrir sérhæfða krabbameinsþjónustu verður ekki mætt nema með markvissri þróun og umbótum.“

Árlega greinast rúmlega 2.000 einstaklingar með krabbamein á Íslandi og stærstur hluti þeirra nýtur þjónustu á Landspítala. Í árslok 2025 voru tæplega 20.000 manns á lífi hér á landi sem höfðu greinst með krabbamein.

Vegna breytinga í samfélaginu og þá helst öldrunar þjóðarinnar er spáð 63% fjölgun nýrra krabbameinstilfella til ársins 2045, þegar gera má ráð fyrir að nærri 3.500 einstaklingar greinist árlega. Jafnframt er spáð 96% fjölgun þeirra sem lifa eftir greiningu; þá gætu þeir verið um 38.000. Margir þeirra munu þurfa áframhaldandi, jafnvel ævilanga, meðferð eða stuðning vegna afleiðinga krabbameins og krabbameinsmeðferðar.

Verkefnið stækkar því hratt. Þörf fyrir sérhæfða krabbameinsþjónustu verður ekki mætt nema með markvissri þróun og umbótum. Starfsfólk og stjórnendur krabbameinsþjónustunnar eru vel meðvituð um þessa staðreynd og vinna ötullega að því að bæta og samhæfa þjónustuna.

Krabbameinsmiðstöð Landspítala

Árið 2025 var Krabbameinsmiðstöð Landspítala stofnuð sem liður í uppbyggingu og þróun krabbameinsþjónustu á Íslandi. Miðstöðin starfar samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum Organisation of European Cancer Institutes (OECI). Markmið hennar er að stuðla að samhæfðri, öruggri og gæðamiðaðri þjónustu fyrir fólk með krabbamein, allt frá greiningu og meðferð til eftirfylgdar. Jafnframt er lögð áhersla á vísindarannsóknir, nýsköpun og stöðugar umbætur.

Metnaðarfull stefnumótun hefur verið unnin með aðkomu fjölda starfsmanna. Í stjórn Krabbameinsmiðstöðvar sitja fulltrúar helstu eininga sem sinna krabbameinsþjónustu á spítalanum, fulltrúar Háskóla Íslands og, síðast en ekki síst, fulltrúar notenda þjónustunnar. Reynsla þeirra og sjónarhorn hefur verið ómetanleg.

Unnið er að því að Krabbameinsmiðstöðin hljóti alþjóðlega vottun og stefnt er að því að henni verði náð áður en starfsemi

Framhald á næstu síðu. ▶

Fagmennska



Guðrún Indriðadóttir
Lyfjafræðingur

Í lyfjablöndun er fagmennska lykilatriði. Þótt sjúklingurinn sé sjaldnast sýnilegur í okkar vinnuumhverfi þá er hann alltaf þungamiðja alls þess sem við tökum okkur fyrir hendur.

Eins og í öðrum störfum sem tengjast lyfjagjöf þarf að tryggja öryggi og nákvæmni. Að lyf, lyfjaform og skammtar séu í samræmi við fyrirmæli í sjúkraskrá. En gæta þarf að fleiri atriðum. Við meðhöndlum hættuleg efni og blöndum lyf fyrir viðkvæmustu einstaklinga samfélagsins. Öll vinnubrögð þurfa því að vera í samræmi við alþjóðlega gæðastaðla og aðrar skriflegar leiðbeiningar til að tryggja öryggi bæði sjúklinga og starfsfólks.



spítalans flyst í nýtt húsnæði. Samhliða vottunarvinnunni tekur krabbameinsþjónusta Landspítala þátt í tveimur stórum Evrópuverkefnum. Þau miða að því að efla krabbameinsþjónustu í Evrópu, fjölga vottuðum krabbameinsmiðstöðvum og undirbúa heilbrigðiskerfi fyrir fjölgun krabbameinstilfella. Á sama tíma hefur verið unnið að sérstakri vottun stofnfrumumeðferðar.

Vottunarvinnan hefur reynst mikilvægur stuðningur við umbætur. Hún setur skýr viðmið um gæði, öryggi og þróun þjónustunnar og hefur verið vítamínsprauta fyrir starfið. Mikilvægt er að unnið sé eftir stöðluðum meðferðarferlum og að meðferð allra sjúklinga sé rædd á þverfaglegum samráðsfundum. Undanfarið ár hefur fjöldi fagmanna unnið að því að skrásetja slíkt verklag. Nokkrir ferlar hafa þegar verið teknir í notkun og fleiri bíða útgáfu. Meðferðarferlunum er ætlað að tryggja gæði og öryggi og stuðla að jafnræði þeirra sem þjónustunnar njóta.

Til að tryggja að ferill sjúklings í gegnum greiningu og meðferð sé sem greiðastur gegna þjónustustjórar mikilvægu hlutverki. Nýverið voru auglýstar tvær slíkar stöður og munu þær styrkja enn frekar samhæfingu þjónustunnar.

Nýjungar í þjónustu

Ýmsar umbætur hafa verið innleiddar sem auka gæði og öryggi. Þar má nefna lokað lyfjaferli, hið fyrsta sinnar tegundar á Landspítala.

Einnig hafa nýjungar verið þróaðar til að auka getu til að sinna fleiri skjólstæðingum og mæta þörfum þeirra betur. Milvægur áfangi í því var opnun Brjóstamiðstöðvar sem hóf störf árið 2021. Sama ár hófst einnig innleiðing á Krabbameinsgáttinni, stafrænni heilbrigðisþjónustu sem styður við sjúklinga með einkennamati, fræðslu og beinum samskiptum við fagfólk. Rannsókn sem unnin var samhliða innleiðingunni sýndi að bæði sjúklingar og fagfólk töldu úrræðið gagnlegt. Miklir vaxtarmöguleikar eru í Krabbameinsgáttinni, meðal annars í eftirfylgd þeirra sem lokið hafa meðferð. Heimaspítali hóf starfsemi árið 2024 með það að markmiði að stytta legutíma og veita fólki þjónustu á heimili sínu. Nú er einnig hafin vinna við að nýta úrræðið til að koma í veg fyrir innlagnir. Reynslan hefur verið góð og bæði sjúklingar og aðstandendur lýst ánægju með þessa viðbót.

„Til að tryggja að ferill sjúklings í gegnum greiningu og meðferð sé sem greiðastur gegna þjónustustjórar mikilvægu hlutverki. Nýverið voru auglýstar tvær slíkar stöður og munu þær styrkja enn frekar samhæfingu þjónustunnar.“

Margvíslegar nýjungar hafa verið innleiddar í lyfjameðferð með tilkomu nýrra lyfja og mikilvægar framfarir hafa átt sér stað í geislameðferð meðal annars með upphafi stereótaktískrar geislameðferðar á heila sem hófst 2022 og vaxandi notkun gervigreindar við plönun geislameðferðar. Nýjasta viðbótin í meðferð krabbameina er svo CAR-T-frumumeðferð, sem hefst nú á haustmánuðum.

Líknarmeðferð er einnig mikilvægur hluti góðrar krabbameinsþjónustu og á að vera aðgengileg eftir þörfum samhliða annarri meðferð – ekki aðeins við lífslok. Á Landspítala hefur sérhæfð líknarmeðferð þróast með þverfaglegu starfi á líknardeild, ráðgjöf líknarteymis innan og utan spítalans og þjónustu á heimilum. Unnið er að því að samþætta líknarmeðferð fyrr í meðferðarferli fólks með langt gengið krabbamein og efla samstarf krabbameins- og líknarþjónustu.

Framhald á næstu síðu. ▶

Öryggi



Guðrún Guðmundsdóttir
Lífeindafræðingur

Að vinna á sjúkrahúsi þar sem oft er stutt á milli lífs og dauða getur verið krefjandi. Mér finnst skipta máli að við hugum vel að andlegri og líkamlegri heilsu okkar, þannig að við séum vel starfinu vaxin. Mætum vel úthvíld og með hugann við vinnuna. Fylgjumst vel með breytingum og nýjungum í starfi, förum eftir verklagsreglum, hugum að smitvörnum og klæðumst hlífðarbúnaði þegar við á. Látum vita ef við þurfum aðstoð eða leiðsögn við vinnuna og séum tilbúin að hjálpa öðrum sem eftir því leita.

Þannig getum við öll sinnt starfinu með öryggi okkar og sjúklinga að leiðarljósi.



Umhyggja | Fagmennska | Öryggi | Framþróun

Markmiðið er að styðja fólk og fjölskyldur þess til að lifa eins vel og kostur er með alvarleg veikindi. Líknarmiðstöð Landspítala, sem starfað hefur frá árinu 2021, styður við líknarmeðferð um allt land.

Forvarnir og snemmgreining eru einnig mikilvægur þáttur í þjónustu Krabbameinsmiðstöðvar en hááhættueftirlit vegna briskrabbameins hefur starfað á Landspítala frá 2023. Það er mikilvæg viðbót, enda greinist briskrabbamein oft seint og dánartíðni er há. Eftirlit með einstaklingum í áhættu gefur von um að greina meinið fyrr og auka þannig líkur á árangursríkri meðferð.

Umhyggja



Ferdinand Jónsson
Yfirlæknir lyndisraskana-deildar við Hringbraut

Nefnum upphaf siðmenningar. Hornstein samfélaga. Fegurð fjölskyldna og vina. Gull góðra vinnustaða. Eðalmálminn. Æðsta lækningaafl sjúkrahúsa. Við mörg góð í að skarta dýrgripnum. Vex að verðgildi við nálægð sannleikans. Vandmeðfarin. Nefnum varfærni, að þiggjandi gefi samþykki til að taka við umhyggjunni. Virðing virkar. Vænar manneskjur gjarnan verri viðtakendur. Ekki einhliða. Tár fegurðar að upplifa umhyggju sjúklinga fyrir starfsfólki. Nefnum undrið þegar fjölskyldur og vinir ná að sýna þakklæti. Allt breytingum undirorpið á griðastað veikinda, upprisu og dauða. Umhyggja djásn þegar starfsfólk er virt og sýnilegt. Gefur dýrgripinn innbyrðis. Nefnum jafnvægi umhyggju, virðingar og ábyrgðar. Sameiningu góðra gilda. Galdur fagur gefinn.

„Vísindastarf á sviðinu er öflugt og stefnt er að því að efla það enn frekar. Rannsóknir ná til bæði grunnrannsókna og klínískra rannsókna og samstarf við vísindamenn við Háskóla Íslands og víðar er mikið og vaxandi.“

Framþróun byggir á samstarfi

Krabbameinsþjónustan býr við gott aðgengi að gögnum af háum gæðum. Krabbameinsskráin er lögbundin, lýðgrunduð og altæk skráning sem hefur verið starfrækt frá árinu 1954. Gögn hennar eru ómetanleg til að fylgjast með þróun nýgengis og lifunar og hafa lagt grunn að fjölda vísindarannsókna. Á síðustu áratugum hefur einnig verið unnið að þróun gæðaskrár krabbameina í samstarfi Landspítala, Sjúkrahússins á Akureyri og Krabbameinsfélags Íslands. Skráin er byggð á sænskri fyrirmynd og samanburðarhæf við sænskar skrár. Hún hefur þróast hratt á undanförnum árum, meðal annars með aukinni sjálfvirkni, og nýtist til að fylgjast með gæðum þjónustunnar yfir lengri tíma. Jafnframt er unnið að mælaborði fyrir krabbameinsþjónustu sem veitir rauntímaupplýsingar og getur þannig stutt betur við daglegan rekstur og ákvarðanatöku.

Vísindastarf á sviðinu er öflugt og stefnt er að því að efla það enn frekar. Rannsóknir ná til bæði grunnrannsókna og klínískra rannsókna og samstarf við vísindamenn við Háskóla Íslands og víðar er mikið og vaxandi. Nýverið lauk gagnasöfnun í SURV-ICE, stórri lýðgrundaðri rannsókn á lífsgæðum, heilbrigðisþörfum og heilsulæsi allra sem greindust með krabbamein á árunum 2014–2024, í samanburði við almenning. Fyrstu niðurstöður hennar eru nú að líta dagsins ljós og munu þær nýtast við áframhaldandi uppbyggingu þjónustu, ekki síst fyrir fólk sem lokið hefur krabbameinsmeðferð en býr við langvinnar eða síðkomnar afleiðingar.

Í ágúst rættist loks langþráður draumur þegar meistaranám í krabbameinshjúkrun hófst við Háskóla Íslands í samstarfi við Royal Marsden School of Nursing í Englandi. Vonir standa til að námið verði lyftistöng fyrir hjúkrun í krabbameinsþjónustu til framtíðar.

Það er því ljóst að mikil framþróun á sér stað í krabbameinsþjónustu Landspítala og að horft er markvisst til framtíðar.

Framþróun verður þó ekki af sjálfu sér. Hún krefst skýrrar sýnar, menningar sem styður umbætur og stjórnenda sem skapa svigrúm til þróunar. Umfram allt byggist hún á öflugu starfsfólki sem sér tækifæri, vinnur saman þvert á fagstéttir og einingar og hefur úthald til að fylgja góðum hugmyndum eftir. Framþróun tekur oft tíma, en hún er lífsnauðsynleg: til að mæta verkefnum morgundagsins, gera starf dagsins í dag ánægjulegt og gefandi og, síðast en ekki síst, bæta þjónustu við sjúklinga – bæði þá sem leita til okkar í dag og þá sem munu gera það í framtíðinni.

Ráðherrar heimsóttu Landspítala

Kristrún Frostadóttir forsætisráðherra og Alma Möller heilbrigðisráðherra heimsóttu Landspítala í byrjun september. Kristrún og Alma fengu skoðunarferð um skurðstofur spítalans og nýja bráðamatsdeild sem opnuð verður innan skamms. Deildin, sem er hluti af stöðugum umbótum spítalans á sviði bráðaþjónustu, mun sinna sjúklingum með bráð veikindi tengd lyflækningum sem þurfa umfangsmeira mat, rannsóknir og meðferð í framhaldi af komu á bráðamóttöku eða samkvæmt tilvísun.











Öryggi sjúklinga er sameiginlegt verkefni

Fólk með langvinna sjúkdóma í brennidepli á alþjóðlegum degi sjúklingaöryggis



Kolbrún Gísladóttir
Deildarstjóri gæðadeildar



Ólöf Elsa Björnsdóttir
Gæðastjóri á gæðadeild

Alþjóðlegur dagur sjúklingaöryggis verður haldinn þann 17. september. Frá árinu 2019 hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hvatt aðildarríki sín til að nýta daginn til að vekja athygli á mikilvægi sjúklingaöryggis, efla þátttöku sjúklinga og samfélagsins í öryggismálum og hvetja heilbrigðisstofnanir til markvissra umbóta í þágu öruggari heilbrigðisþjónustu. Megintilgangurinn er að minna á að allir sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda eiga rétt á öruggri umönnun og að verða ekki fyrir skaða af völdum hennar.

Þegar þjónustan spannar mörg ár

Þema dagsins í ár er „Örugg þjónusta á öllum æviskeiðum“ með áherslu á fólk með langvinna sjúkdóma. Langvinnir sjúkdómar, svo sem hjarta- og æðasjúkdómar, krabbamein, langvinnir lungnasjúkdómar og sykursýki, geta haft áhrif á fólk á öllum aldri og fylgt því um langt skeið, jafnvel alla ævi. Fólk með langvinna sjúkdóma þarf því oft þjónustu á mörgum stigum heilbrigðiskerfisins og yfir langan tíma. Við slíkar aðstæður skiptir samfelld, samhæfð og örugg þjónusta sköpum.

Fólk með langvinna sjúkdóma í aukinni áhættu

Samkvæmt WHO verður einn af hverjum tíu sjúklingum fyrir skaða í tengslum við heilbrigðisþjónustu og talið er að um helming slíkra atvika megi koma í veg fyrir. WHO bendir á að fólk með langvinna sjúkdóma sé í aukinni hættu á að verða fyrir skaða í heilbrigðisþjónustu vegna langvarandi og oft flókins meðferðarferlis. Þessir



sjúklingar þurfa gjarnan endurtekna þjónustu hjá mörgum þjónustuaðilum yfir langan tíma og því eykst hættan á að eitthvað fari úrskeiðis ef þjónustan er ekki vel samhæfð. Samfelld þjónusta, góð samhæfing milli þjónustuaðila og stuðningur við heilbrigðisstarfsfólk eru meðal lykilforsendna öruggrar heilbrigðisþjónustu. Jafnframt er mikilvægt að efla þátttöku sjúklinga og aðstandenda í meðferð og ákvarðanatöku. Þannig má draga úr skaða og stuðla að betri gæðum þjónustunnar.

Öryggi sem hluti af daglegri hugsun

Á Landspítala vinnur starfsfólk daglega að því að efla sjúklingaöryggi með því að greina áhættu, læra af atvikum, bæta verklag og stuðla að öflugri öryggismenningu. Í tilefni Alþjóðlegs dags sjúklingaöryggis verður vikuna 14.-21. september lögð sérstök áhersla á að halda sjúklingaöryggi sýnilegu í daglegu starfi með fræðslu og áminningum um allan spítala. Einnig verður haldið málþing þann 17. september í samstarfi við embætti landlæknis, þar sem fjallað verður um öryggi sjúklinga með langvinna sjúkdóma og mikilvægi samfelldrar og öruggrar heilbrigðisþjónustu.

Sjúklingaöryggi er á ábyrgð okkar allra. Öryggismenning byggist ekki á einstökum verkefnum heldur því að öryggi sé hluti af daglegum starfsháttum og ákvörðunum.

LANDSPÍTALI



Námskeið í vöktun klínískra rannsókna (monitoring)

Klínískt rannsóknasetur Landspítala og HÍ í samstarfi við Uppsala Clinical Research Center (UCR) stendur fyrir 2ja daga námskeiði í vöktun klínískra rannsókna.

26. og 27. október 2026 á Landspítala, Skaftahlíð.

Ætlað hverjum:

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa hug á að vakta klínískar rannsóknir.

Athugið að einnig er hægt að sitja eingöngu fyrra hluta námskeiðsins (dag 1) en sá hluti er gagnlegur fyrir rannsakendur og aðra sem koma að klínískum rannsóknum.

Þátttakendur skulu hafa háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda eða lífvísinda.

Skipulag:

Dagur 1: Tilgangur og framkvæmd vöktunar.
Þessi dagur hentar einnig rannsakendum og öðrum er starfa við klínískar rannsóknir.

Dagur 2: Verkleg þjálfun í vöktun

Athugið að námskeiðið fer fram á ensku.

Frekari upplýsingar veitir Halla Sigrún Arnardóttir, hallarn@landspitali.is, skráning á sama netfang.

Vorskólar SKUGG styrkja aðlögun nýs starfsfólks



Kolbrún Kristiansen
Sérfræðingur í hjúkrun og formaður fagráðs hjúkrunar aðgerðasjúklinga



Sólrún Dögg Árnadóttir
Sérnámshjúkrunar-fræðingur á sáramiðstöð Landspítala



Aðlögun nýs starfsfólks og nema er mikilvægur þáttur í að tryggja öryggi sjúklinga og efla faglega hæfni þeirra sem hefja störf í skurðlækningaþjónustu. Til að styðja við þetta hefur fagráð hjúkrunar aðgerðasjúklinga um árabil staðið fyrir sérstökum vorskólum sem undirbúa þátttakendur fyrir störf við hjúkrun skurðsjúklinga.

Vorskóli fyrir hjúkrunarfræðinga og hjúkrunarnema á 3. og 4. ári sem hefja sumarstörf á sviðinu var fyrst haldinn árið 2007 og hefur síðan verið í stöðugri þróun. Námskeiðið stendur yfir í heilan dag og þar er lögð sérstök áhersla á starfsemi dag- og legudeilda og þann fjölbreytta veruleika sem mætir nýju starfsfólki í skurðlækningaþjónustu.

Árið 2023 var umönnunarskólinn settur á laggirnar fyrir nýráðna sjúkraliða, sjúkraliðanema og hjúkrunar- og læknanema sem koma að umönnun aðgerðasjúklinga. Skólinn er hálfs dags námskeið og hefur það markmið að veita þátttakendum mikilvægan grunn í nærhjúkrun aðgerðasjúklinga áður en þeir hefja störf.

Megintilgangur skólanna er að flýta fyrir aðlögun þátttakenda og tryggja að þeir hafi góða þekkingu á helstu grundvallarþáttum og áhersluatriðum í hjúkrun aðgerðasjúklinga. Kennslan beinist sérstaklega að þeim þáttum sem eru sértækir fyrir hjúkrun þessa sjúklingahóps.

Leiðbeinendur koma úr fjölbreyttum hópi starfsmanna, þar á meðal sérfræðingum í hjúkrun, skurðhjúkrunarfræðingum, ritstjóra gæðahandbókar, gæðastjóra, næringarfræðingi og sjúkraþjálfara. Eftir atvikum taka einnig þátt





forstöðuhjúkrunarfræðingar og forstöðumaður fræðasviðs.

Kennslan er fjölbreytt og byggir á virkri þátttöku nemenda. Notast er við fyrirlestra, sýnikennslu, stöðvaþjálfun, gagnvirkar umræður og spurningaleiki sem stuðla að auknum skilningi og þátttöku.

Þátttakendur meta skólana að loknu námskeiði og sýna niðurstöður að almenn ánægja er með námið. Skráning í skólana hefur jafnframt aukist jafnt og þétt og í vor tóku um 70 nemendur þátt í skólastarfinu.

Nýlega fengu vorskólarnir aðstöðu hjá menntadeild Landspítala í Skaftahlíð, þar sem framúrskarandi kennsluaðstæður styðja enn frekar við fræðslu- og þjálfunarstarf skólanna. Með þessari uppbyggingu heldur skurðlækninga-, skurðstofu- og gjörgæsluþjónusta Landspítala áfram að leggja ríka áherslu á vandaðar móttökur, fræðslu og undirbúning nýs starfsfólks með það að markmiði að efla gæði þjónustunnar og öryggi sjúklinga.

Fagráð hjúkrunar aðgerðasjúklinga þakkar öllum þeim sem hafa komið að kennslunni og þeim nemendum sem hafa sótt skólana. Við hlökkum til að halda þessu mikilvæga verkefni áfram.



Hjartað í lyfjaflæði Landspítala



Tinna Rán Ægisdóttir
Yfirlyfjafræðingur,
Sjúkrahúsapótek

Í sjúkrahúsapóteki Landspítala fer fram umfangsmikil starfsemi sem tryggir öruggt aðgengi sjúklinga að lyfjum þvert á spítalann. Starfsemin er hluti af þeirri ósýnilegu innviðaþjónustu sem styður daglega við klíníska starfsemi spítalans og gegnir lykilhlutverki í öruggri lyfjameðferð sjúklinga. Sjúkrahúsapótekið er hluti af Lyfjaþjónustu Landspítala og tilheyrir sviði Klínískrar rannsóknar- og stoðþjónustu.

Í sjúkrahúsapótekinu starfar metnaðarfullur og samheldinn hópur lyfjafræðinga, lyfjatækna og sérhæfðs starfsfólks. Þar fara fram innkaup lyfja, birgðahald, dreifing lyfja til deilda og ráðgjöf varðandi lyfjaval, auk fjölmargra verkefna sem tengjast gæðum og öryggi lyfja.



Sex milljónir lyfjaeininga á ári

Starfsemin þjónar öllum legu-, dag- og göngudeildum Landspítala og tryggir að rétt lyf séu til staðar og á réttum tíma. Daglega eru afgreiddar um 16.500 lyfjaeiningar og um 60 pantanir til deilda spítalans, auk þess sem lyf eru skömmtuð fyrir 27 legudeildir. Árið 2025 afgreiddi sjúkrahúsapótekið alls 6 milljónir lyfjaeininga í 21 þúsund pöntunum. Vaxandi hluti starfseminnar er birgðastýring lyfja á um 30 deildum

Framhald á næstu síðu. ▶

Landspítala, sem er gott dæmi um vel heppnaða tilfærslu verkefna á milli heilbrigðisstétta. Umfang starfseminnar hefur aukist jafnt og þétt á síðustu árum samhliða fjölgun sjúklinga, auknu framboði sérhæfðra lyfja og sívaxandi kröfum um öryggi og rekjanleika.

Lyfjaframboð og Lyfjalistinn


Lyfjaframboð er ein af grunnforsendum öruggrar heilbrigðisþjónustu. Starfsfólk sjúkrahúsapóteksins vinnur náið með klínísku starfsfólki spítalans að því að leysa áskoranir sem tengjast lyfjaskorti og innleiðingu nýrra lyfja. Jafnframt ber sjúkrahúsapótekið ábyrgð á daglegri umsjón Lyfjalista Landspítala, sem er eitt mikilvægasta verkfæri spítalans til að stuðla að öruggri, samræmdri og hagkvæmri lyfjanotkun. Lyfjalistinn veitir starfsfólki leiðbeiningar um val lyfja og styður við klíníska ákvarðanatöku í daglegu starfi.


Horft til meðferðarkjarnans

Undanfarin ár hefur verið lögð aukin áhersla á umbætur til að mæta auknum kröfum um afköst og öryggi ásamt því að auka starfsánægu starfsfólks. Þetta hefur einkum verið gert með því að einfalda og staðla verklag, nýta stafrænar lausnir og mæla árangur umbótanna. Lyfjaþjónusta mun halda áfram að þróast hratt á næstu árum. Við flutning í meðferðarkjarna verður sjálfvirkni aukin með nýjum tækjabúnaði og stigin stór skref í nýtingu hug- og tækjabúnaðar til að auka þjónustustig og efla lyfjaöryggi með innleiðingu lokaðs lyfjaferlis.




















GCP NÁMSKEIÐ

Good Clinical Practice - GCP (3.útgáfa)

Hvenær: Tvær dagsetningar í boði:
Mánudagur 28. september 2026 – kl. 09:00-12:00 EÐA
Föstudagur 2. október 2026 – kl. 09:00-12:00

Hvar: Víðihlíð 4, Skaftahlíð 24, suðurhús

Fyrir hvern: Starfsfólk og nema á Landspítala og Háskóla Íslands sem koma að vísindarannsóknum á mönnum. Námskeiðið er ætlað bæði þeim sem þurfa að uppfæra þjálfun í samræmi við nýja útgáfu sem og þeim sem ekki hafa fengið þjálfun áður.

Klínískt rannsóknsetur Landspítala og Háskóla Íslands (KRS) stendur fyrir námskeiði í góðum klínískum starfsháttum (Good Clincal Practice – GCP).

ICH-GCP er alþjóðlegur gæðastaðall fyrir framkvæmd lyfjarannsókna en má yfirfæra á allar klínískar rannsóknir á mönnum.

Landspítali sem ábyrgðaraðili námskeiðsins er aðili að TransCelerate GCP Mutual Recognition Program sem tryggir að námskeiðið uppfyllir ákveðnar kröfur og er þjálfunin viðurkennd af helstu bakhjörlum.

Nánari upplýsingar veitir Halla Sigrún Arnardóttir, verkefnastjóri á KRS, hallarn@landspitali.is, s. 825 5011

Skráning á netfangið hallarn@landspitali.is

LANDSPÍTALI



RESIL-Card: Sterkari hjartaþjónusta þegar mest reynir á



Bylgja Kærnested
Forstöðuhjúkrunar-fræðingur



Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir
Yfirlæknir hjartaþræðinga

Hvernig tryggjum við að lífsnauðsynleg hjartaþjónusta haldist virk þegar óvænt áföll verða? COVID-19 faraldurinn sýndi að jafnvel öflug heilbrigðiskerfi geta brostið við skyndilegt og óvænt álag. Tafir á greiningu og meðferð sjúklinga, frestun aðgerða og skert aðgengi að hjartaþjónustu geta haft alvarlegar afleiðingar.

RESIL-Card undirbýr hjartaþjónustu fyrir óvænta, alvarlega atburði

RESIL-Card er evrópskt samstarfsverkefni, styrkt af EU4Health, sem miðar að því að efla seiglu hjartaþjónustu og tryggja samfellu í þjónustu við óvænt áföll, svo sem faraldra, náttúruhamfarir eða aðra óvænta, alvarlega atburði. Kjarni verkefnisins er rafrænt sjálfsmatsverkfæri þar sem teymi í hjartaþjónustu fara yfir rúmlega 80 spurningar í sex þáttum; mannauð, þjónustu og innviðum, samskiptum og samvinnu, stjórnun og trausti, gagnasöfnun og aðgengi og notkun á lækningatækjum og vörum. Enginn kostnaður fylgir þátttöku.

Niðurstöðurnar birtast í hitakorti sem sýnir hvar styrkleikar liggja og hvaða þætti þarf að skoða frekar og laga. Þannig verður auðveldara að forgangsraða umbótum, móta aðgerðaáætlun og ræða viðbúnað á sameiginlegum grunni. Verkfærið er hugsað sem hluti af stöðugu umbótastarfi og má endurtaka reglulega til að fylgja breytingum eftir.

Á Íslandi og Landspítala hefur verkefnið verið leitt af undirrituðum: Ingibjörgu Jónu Guðmundsdóttur, yfirlækni hjartaþræðinga, og Bylgju Kærnested, forstöðuhjúkrunarfræðingi hjartaþjónustunnar.

Góður undirbúningur forsenda öryggis

Íslenskar aðstæður fela í sér sérstakar áskoranir: fámennan sérhæfðan mannauð, mjög háa plássnýtingu sjúkrahússins, flæðisvanda og landfræðilegar áskoranir þar sem Ísland er eyja í Norður-Atlantshafi. RESIL Card endurspeglar sömu sýn og almannavarnir byggja á, að öryggi samfélagsins hvíli á góðum undirbúningi, skýrri samhæfingu og getu til að viðhalda mikilvægri þjónustu þegar óvænt áföll verða.

Á sama tíma koma einnig fram styrkleikar. Hjartaþjónustan hefur skýrar innlagnarleiðir, öflugt samstarf, reynslu af viðbragðsáætlunum og vaxandi notkun stafrænna lausna, meðal annars fjarvöktun og stuðningskerfi fyrir hjartasjúklinga.

RESIL-Card minnir okkur á að viðbúnaður og þekking er hluti af gæðum og fagmennsku. Með markvissu sjálfsmati, samtali og aðgerðaáætlun má styrkja hjartaþjónustuna fyrir sjúklinga, starfsfólk og samfélagið allt.



Margrét Dís Óskarsdóttir, yfirlæknir sérnáms, Jón Eyjólfur Jónsson öldrunarlæknir, Inga Sif Ólafsdóttir, kennslustjóri sérnámsgrunns, Hjalti Már Björnsson, sem var að ljúka störfum sem kennslustjóri, Tómas Hrafn Ágústsson, sérfræðingur í geðlækningum, Helga Þórarinsdóttir, sérfræðingur í geðlækningum, Ásdís Eva Lárusdóttir, sérfræðingur í barna- og unglingageðlækningum, Jóhanna Rún Rúnarsdóttir, sérfræðingur í lyflækningum, Guðrún Björg Steingrímsdóttir, sérfræðingur í bráðalækningum, Halldóra Ögmundsd. Michelsen, sérfræðingur í öldrunarlækningum, Hildur Björg Harðardóttir, sérfræðingur í barna- og unglingageðlækningum, Hildur Arnardóttir, sérfræðingur í endurhæfingarlækningum, Hrefna Sæunn Einarsdóttir, sérfræðingur í barna- og unglingageðlækningum, Tómas Þór Ágústsson, framkvæmdastjóri lækninga, og Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala.

Verulegur liðsauki fyrir geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi

Á málþingi sérnáms sem haldið var í byrjun september voru 11 sérfræðilæknar sem lokið hafa sérnámi við Landspítala síðastliðið ár heiðraðir. Á meðal þeirra var fyrsti læknirinn til að ljúka sérnámi í endurhæfingarlækningum við Landspítala en einnig sjö læknar sem munu starfa á sviði geðþjónustu fyrir einstaklinga á öllum aldri. Fjórir þeirra hafa lokið sérnámi í geðlækningum fullorðinna og í fyrsta skipti útskrifast í einu þrír nýir sérfræðilæknar í barna- og unglingageðlækningum. Þessi áfangi markar mikilvæg tímamót í uppbyggingu geðþjónustu hér á landi og er skýr vísbending um þann árangur sem náðst hefur í uppbyggingu sérnáms á Íslandi.

Árangur sem endurspeglar markvissa uppbyggingu sérnáms

Þörf fyrir sérhæfða geðþjónustu hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Biðlistar hafa víða verið langir og auknar kröfur gerðar til heilbrigðiskerfisins um að veita aðgengilega, samfellda og sérhæfða þjónustu fyrir fólk á öllum aldri. Þegar sjö nýir sérfræðilæknar bætast við á þessu sviði hefur það því raunveruleg áhrif á getu kerfisins til að mæta þörfum barna, ungmenna, fullorðinna og aldraða sem þurfa á geðheilbrigðisþjónustu að halda.

Árangurinn endurspeglar margra ára markvisst starf við uppbyggingu sérnáms á Íslandi. Sérnám innanlands gerir læknum kleift að sækja menntun sem stenst alþjóðlegar kröfur án þess að þurfa að flytja alfarið úr landi og stuðlar um leið að því að sérþekking skili sér hraðar inn í íslenskt heilbrigðiskerfi og skapar umhverfi þar sem nám, framþróun og vísindi eru hluti af starfseminni á hverjum degi.

Lok sérnáms upphaf nýs kafla

Málþing sérnáms er árviss viðburður og hefur skapast sú hefð að heiðra fyrir framlag á sviði menntunar og náms lækna. Í ár hlaut Jón Eyjólfur Jónsson öldrunarlæknir sérstaka heiðrun fyrir framlag sitt til menntunar lækna á Íslandi. Í erindi sínu fór Jón Eyjólfur um víðan völl – talaði um áhrifavalda í starfi, framþróun lækninga á starfsævi hans og síðast en ekki síst ótrúlegar framfarir á íslensku sérnámi á undanförnum árum. Óhætt er að fullyrða að útskrift 11 nýrra sérfræðilækna sé áþreifanlegur mælikvarði á þann árangur. Þá var á málþinginu jafnframt þakkað fyrir framlag þeirra kennslustjóra sem hafa byggt upp sérnám í sinni grein og eru að fara í önnur störf.

Að ljúka sérnámi markar lok eins námsferils en um leið upphaf nýs kafla í þjónustu við sjúklinga og samfélagið. Nýju sérfræðilæknunum var vel fagnað á málþinginu og þeim óskað gæfu og gengis á komandi starfsferli.



Læknar japanska sjálfsvarnarflotans heimsóttu Landspítala



Helgi Kr. Sigmundsson
Forstöðulæknir
bráða-, lyflækninga- og
endurhæfingarþjónustu

Þann 28. júlí sl. tók Landspítali á móti læknateymi frá æfingaskipum japanska sjálfsvarnarflotans (Japan Maritime Self-Defense Force). Heimsóknin fór fram í Fossvogi, þar sem bráðamóttaka spítalans og helsta bráðaþjónusta er staðsett. Fyrir teyminu fór Manabu Fujii, yfirlæknir (Chief Fleet Surgeon). Tilefni heimsóknarinnar var fyrsta koma japanska sjálfsvarnarflotans til Reykjavíkur, en Reykjavík var valin sem viðkomuhöfn í 70. langsiglingaæfingu þeirra. Markmið teymisins var meðal annars að kynna sér heilbrigðiskerfið á Íslandi og aðstöðu spítalans, svo tryggja megi örugga tilvísun sjúklinga í land ef upp koma veikindi eða slys sem ekki verða meðhöndluð um borð.



Í heimsókninni fékk teymið kynningu á heilbrigðisþjónustu á Íslandi og skoðunarferð um bráðamóttökuna og aðgerðaþjónustu spítalans, meðal annars aðgerðarstofu inngrips röntgenlækna. Þau hittu einnig áhöfn þyrlu Landhelgisgæslunnar sem og teymi háþrýstiklefans. Heimsóknin gekk vel og lagði grunn að góðum tengslum milli Landspítala og japanska sjálfsvarnarflotans.







Mannauðsstefna Landspítala

– Velferð starfsfólks og sjúklinga helst í hendur



Hrönn Harðardóttir
Deildarstjóri
mannauðsdeildar

Í maí var gefin út mannauðsstefna Landspítala sem setur fram sameiginlega sýn og áherslur í mannauðsmálum.

Starfsfólk Landspítala er mikilvægasta auðlind spítalans og er velferð þess forsenda framúrskarandi heilbrigðisþjónustu. Mannauðsstefna Landspítala styður við hlutverk, framtíðarsýn og gildi spítalans. Markmið stefnunnar er að skapa eftirsóknarverðan vinnustað og sameiginlega sýn á hvernig Landspítali laðar að, þróar og heldur í hæft starfsfólk. Á Landspítala er sjúklingurinn ávallt í öndvegi. Til að tryggja góða þjónustu og öryggi sjúklinga hlúum við að starfsfólki, styðjum við fagmennsku, vellíðan og velferð.


Þetta er inntak stefnunnar og sýnir okkur að velferð starfsfólks og sjúklinga eru ekki aðskilin mál. Stefnan samanstendur af sjö leiðarljósum og er farið er yfir hvert og eitt þeirra.

Leiðandi forysta

Stjórnendur gegna lykilhlutverki í að skapa jákvæða vinnustaðamenningu, styðja við starfsfólk og leiða framúrskarandi þjónustu. Þeir ganga fram með góðu fordæmi og með skýra sýn í takt við stefnu, reglur og gildi Landspítala. Jafnframt skapa þeir umhverfi þar sem starfsfólk fær tækifæri til að vaxa í starfi og taka virkan þátt í að þróa vinnustaðinn.

Starfsfólk í forgrunni

Áhersla er lögð á faglegt ráðningaferli og umgjörð starfa þar sem starfsfólk nýtir hæfni og þekkingu á sem bestan hátt. Vandað er til móttöku á nýju starfsfólki, veitt er þjálfun og stuðningur við hæfi sem stuðlar að öryggi, vellíðan og árangri í starfi. Stuðlað er að velferð



starfsfólks með fjölbreyttum hætti, m.a. með því að leggja áherslu á heilsusamlegt vinnuumhverfi.

Öflug teymisvinna

Rík áhersla er á teymisvinnu og þar sem styrkleiki og þekking hvers og eins nýtist sem best. Fjölbreytt sjónarhorn og þekking styrkja ákvarðanatöku, bæta öryggi og gæði þjónustunnar.

Framhald á næstu síðu. ▶

Starfsfólk Landspítala vinnur saman sem ein heild með sjúklinginn í öndvegi.

Hæfni og vöxtur

Tryggt er að starfsfólk Landspítala hafi þá hæfni og þekkingu sem þarf til að veita góða þjónustu jafnt í dag sem og í framtíðinni. Starfsfólk muni áfram fá tækifæri til að þróast í starfi og nýta hæfni sína til fulls. Áhersla er lögð á símenntun og að skapa umhverfi sem hvetur til vaxtar.

Umbótamenning

Landspítali er framsækinn vinnustaður og unnið er að því að skapa menningu sem byggir á árangri, umbótum, vísindum og nýsköpun. Árangur í heilbrigðisþjónustu felst í öryggi, gæðum og góðum afköstum sem styður við stöðuga þróun.

Starfsfólki er ætlað að taka virkan þátt í umbótum, sýna frumkvæði og leita stöðugt leiða við að bæta þjónustu og vinnuumhverfi. Með sameiginlegu framlagi stuðlum við að auknum gæðum, öryggi og betri þjónustu.

Góð samskipti

Áhersla er lögð á hvetjandi starfsumhverfi þar sem samskipti byggja á gagnkvæmri virðingu, trausti og umhyggju. Leitast er við að skapa menningu þar sem starfsfólk getur átt opin og fagleg samskipti. Það felur í sér að hafa möguleika á því að tjá hugmyndir, spyrja spurninga og læra af atvikum á uppbyggilegan hátt til að auka öryggi og gæði þjónustu.

Samskiptasáttmálinn er samkomulag starfsfólks á Landspítala um að viðhafa góð og uppbyggileg samskipti.

Jafnrétti og inngilding

Markmið okkar er að jafnrétti, fjölbreytileiki og inngilding endurspeglist ávallt í vinnustaðamenningu spítalans. Allt starfsfólk á að njóta virðingar og hafa sömu tækifæri til að blómstra í starfi.

Mannauðsstefnan byggir á þeirri sýn að góð þjónusta við sjúklinga og velferð starfsfólks haldist í hendur. Til að starfsfólk geti veitt örugga og góða þjónustu þarf að hlúa að því fólki sem veitir hana.

Í komandi tölublöðum Spítalapúlsins mun mannauðsdeild fjalla nánar um hvert leiðarljós stefnunnar og varpa ljósi á hvernig þau birtast í mannauðsmálum og daglegu starfi á Landspítala.

Þegar stefnan verður að veruleika



Heiðdís Lóa Óskarsdóttir
Mannauðsráðgjafi á mannauðsdeild

Hugsum okkur nýjan starfsmann sem mætir fyrsta daginn sinn á Landspítala. Það er margt að læra, mörg ný andlit og hraðinn getur verið mikill. Hann fær góðar móttökur, leiðsögn um hvernig hlutirnir ganga fyrir sig og finnur fljótt að hann tilheyrir teyminu.

Með tímanum er sami starfsmaður tilbúinn í næstu skref. Hann fær tækifæri til að þróast, bæta við sig þekkingu og nýta hæfni sína enn betur. Þegar álagið eykst veit hann hvert hann getur leitað eftir stuðningi og upplifir að stjórnandinn sjái ekki aðeins verkefnin sem þarf að leysa, heldur líka fólkið á bak við þau.

Þetta eru kannski ekki augnablik sem við köllum „mannauðsstefnu" í dagsins önn. Einmitt þarna á stefnan að birtast.

Ný mannauðsstefna Landspítala snýst ekki fyrst og fremst um skjal, heldur um það hvernig við viljum að það sé að starfa hér - að fólk fái góðar móttökur, geti vaxið í starfi, njóti stuðnings og upplifi að framlag þess skipti máli.

Stefnan verður því ekki að veruleika við útgáfu. Hún verður að veruleika í hversdeginum — í samskiptum, ákvörðunum og því hvernig við komum fram hvert við annað, á hverjum degi.

LANDSPÍTALI

OFBELDISMÓTTAKA BARNA
- ný þjónusta á Landspítala

Ofbeldis- og áfallateymi barna mun veita þolendum ofbeldis sérhæfða áfallahjálp, auk þess að veita aðstandendum þeirra hjálp, stuðning og fræðslu.

Þverfaglegt teymi metur þarfir barnsins og fjölskyldu þess og tryggir að viðeigandi stuðningur og þjónusta sé veitt.

Opnað var fyrir tilvísanir í teymið 25. ágúst.

Spjallrás í Heilsugátt: **Ofbeldismóttaka barna - ERINDI** • S: **825-511** • **omb@landspitali.is**



Öryggisgeðdeild opnuð í nýuppgerðu húsnæði á Kleppi



Melkorka jónsdóttir
Miðlægur verkefnastjóri

Endurnýjun húsnæðis öryggisgeðdeildar C0 á Kleppi er lokið og var deildin kynnt á opnu húsi í júní. Meðal gesta voru fulltrúar heilbrigðisráðuneytisins, Fangelsismálastofnunar og Reykjavíkurborgar, auk starfsfólks og samstarfsaðila innan Landspítala.

Húsnæðið var endurbyggt frá grunni. Markmiðið var að skapa vistlega, nútímalega og örugga deild. Þar er rými fyrir átta sjúklinga, allir í einbýli með sérbaði og salerni. Einnig er sérstakt öryggissvæði fyrir þá sem þurfa tímabundið aukna umönnun og eftirlit. Deildin hefur íþróttaaðstöðu og beint aðgengi að rúmgóðu og sólríku útivistarsvæði. Húsgögnin eru sérhönnuð fyrir geðheilbrigðisþjónustu og þau fyrstu sinnar tegundar á Íslandi. Hönnun þeirra tekur mið af öryggi, forvörnum gegn skaða og stuðningi við bata sjúklinga.

Opnun C0 er fyrsti áfangi í eflingu réttar- og öryggisgeðþjónustu Landspítala (RÖG), en þörf fyrir þjónustuna hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Í upphafi árs 2027 er fyrirhugað að opna nýja legudeild, C1. Hún verður með lægra öryggisstig og er hugsuð sem næsta skref í bataferli sjúklinga. RÖG mun þá ná yfir þrjár átta rúma legudeildir með samtals 24 legurýmum.



















FJÖLSKYLDAN OG BARNIÐ 2026

Ráðstefna kvenna- og barnasviðs

Verður haldin 20. nóvember 2026 á Hótel Natura Reykjavík

Yfirskrift ráðstefnunnar í ár er: **Áskoranir og samfella í þjónustu.**

Kostnaður: 5.000 kr. fyrir starfsfólk Landspítala en 10.700 kr. fyrir aðra.

AÐALFYRIRLESARAR:

Baby-Friendly and Beyond: Rethinking Breastfeeding Support.
Hannakaisa Niela-Vilen PhD, RM

Preeclampsia - more than a pregnancy complication. A window into future cardiovascular health - an opportunity for prevention.
Anne Catrhine Godfredsen, MD, PhD

Munchausen by proxy
Giles Armstrong , MD, PhD

Flókinn samskiptamáti foreldris - áhrif á starfsfólk og gagnleg viðbrögð.
Vilborg Guðnadóttir geðhjúkrunar- og fjölskyldufræðingur

Takið daginn frá!

Skannaðu QR-kóðann til að skrá þig.

LANDSPÍTALI



Ný stjórn Landspítala kom saman

Ný stjórn Landspítala til næstu tveggja ára var skipuð í sumar og fór fyrsti fundur hennar fram þann 21. ágúst sl. Formaður stjórnarinnar er Regína Ásvaldsdóttir, fyrrverandi bæjarstjóri Mosfellsbæjar, og varaformaður er Birna Einarsdóttir, fyrrverandi bankastjóri Íslandsbanka.

Aðrir stjórnarmenn eru Anna Sigríður Íslind, doktor í tölvunarfræði og prófessor við tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík, Thor Aspelund, doktor í líftölfræði og prófessor við Miðstöð í lýðheilsuvísindum hjá Háskóla Íslands, og Guðjón Hauksson, forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri. Varamenn eru Óskar Reykdalsson, sérfræðingur í heimilislækningum, og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir félagsráðgjafi.

Þá voru skipaðir tveir áheyrnarfulltrúar starfsmanna spítalans. Þeir eru Signý Sveinsdóttir hjúkrunarfræðingur og Theodór Skúli Sigurðsson svæfingalæknir. Varamaður er Sólveig Steinunn Pálsdóttir sjúkraþjálfari.

Stjórn Landspítala, í samráði við forstjóra, markar spítalanum langtímastefnu í samræmi við stefnumörkun heilbrigðisráðherra og lögbundið hlutverk stofnunarinnar. Hlutverk hennar er einnig að yfirfara árlega starfsáætlun og ársáætlun samkvæmt lögum um opinber fjármál, leggja sjálfstætt mat á áætlanirnar og markmið og mælikvarða sem þar eru sett fram og gera ráðherra grein fyrir mati sínu.

Ný fræðsla um transmálefni á Eddunni

Transteymi Landspítala hefur gefið út fræðslu um transmálefni og kynningu á transteyminu á Eddunni. Um er að ræða almenna fræðslu sem er sérsniðin fyrir heilbrigðisstarfsfólk.

Að sögn Sigríðar Jónu Bjarnadóttur, teymisstjóra transteymis, þekkjast dæmi þess að trans fólk veigri sér við að leita eftir heilbrigðisþjónustu því það upplifi ójöfnuð þar. Transfólk eigi að geta sótt sér þjónustuna án þess að verða fyrir fordómum. „Þessi fræðsla um transmálefni fyrir heilbrigðisstarfsfólk var fyrst gerð 2023 af teyminu og hefur síðan þróast. Fæst okkar starfandi á Landspítala höfum hlotið einhverja kennslu í transmálefnum," segir Sigríður Jóna. „Við verðum líka enn vör við 'trans broken arm syndrome' - sem lýsir því þegar trans manneskja leitar til heilbrigðisstarfsfólks vegna einhvers sem tengist ekki kynvitund hennar en heilbrigðisstarfsfólkið tengir samt vandamálið við það að viðkomandi sé trans."



Transteymið hafi því séð þarna mikið sóknarfæri í útgáfu fræðsluefnis en að auki hafi teymið fengið fyrirspurnir frá starfsfólki og stjórnendum. Transteymið hefur farið á nokkra staði innan spítalans og veitt fræðslu en að auki hefur það verið beðið að koma og veita fræðslu m.a. innan Háskóla Íslands, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Heilbrigðisstofnunar Norðurlands og Sjúkrahússins á Akureyri.

„Við vildum að öll myndu hafa aðgang að fræðslu innan spítalans og ákváðum því að útbúa fræðsluefni fyrir Edduna. Við hvetjum öll til að horfa á myndbandið," segir Sigríður Jóna að lokum.

Fyrstu sjúklingarnir komnir á útskriftarmiðstöðina

Útskriftarmiðstöð Landspítala tók til starfa á C3 í Fossvogi þann 1. september sl. Starfsemin er komin vel af stað og nýttu 23 sjúklingar þjónustuna fyrstu tæpu tvær vikurnar.

Í upphafi var ákveðið að bjóða sjúklingum sem útskrifast af bráðalegudeildum lyflækninga í Fossvogi að dvelja á útskriftarmiðstöðinni. Legudeildirnar hafa sýnt þjónustunni mikinn áhuga og beiðnir tóku að berast strax við opnun.

Frá fyrstu dögum hefur verið gott samstarf milli starfsfólks legudeildanna og útskriftarmiðstöðvarinnar. Saman hefur starfsfólkið fundið sjúklinga sem henta fyrir þjónustuna og unnið að því að koma nýju verklagi vel af stað. Þeir sjúklingar sem hafa nýtt þjónustuna fyrstu dagana hafa verið ánægðir með dvölina og þjónustuna sem þeir hafa fengið.



Rólegt umhverfi í lok sjúkrahúsdvalar

Útskriftarmiðstöðin er tíu stóla dagdeild fyrir sjúklinga sem hafa lokið meðferð á legudeild og bíða eftir heimferð eða flutningi á annað þjónustustig. Þar geta þeir lokið sjúkrahúsdvölinni í rólegu og þægilegu umhverfi.

Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar taka á móti sjúklingunum og geta meðal annars lokið lyfjagjöfum, nestun lyfja, einföldum sáraskiptum og útskriftarfræðslu. Legudeildirnar þurfa því ekki að hafa lokið öllum hjúkrunarverkum áður en sjúklingur flyst á útskriftarmiðstöðina, svo lengi sem um er að ræða verkefni sem starfsfólk miðstöðvarinnar getur tekið við.

Farið er yfir útskriftina með sjúklingnum og tryggt eins og kostur er að hann hafi fengið nauðsynlegar upplýsingar áður en hann fer. Sjúklingum standa einnig til boða veitingar og einföld afþreying meðan þeir bíða.

Markmið útskriftarmiðstöðvarinnar er að styðja legudeildirnar í útskriftarferlinu og stuðla að góðri og öruggri upplifun sjúklinga við útskrift. Þegar sjúklingur flyst á útskriftarmiðstöðina losnar jafnframt legurými fyrir nýjan sjúkling sem þarf á innlögn að halda.

Mikilvægt að undirbúa sjúklinga og aðstandendur

Útskriftarmiðstöðin hvetur starfsfólk legudeilda til að ræða mögulegan flutning á útskriftarmiðstöðina við sjúkling um leið og undirbúningur útskriftar hefst. Þannig veit sjúklingurinn við hverju má búast og flutningurinn kemur honum ekki á óvart.

Einnig er mikilvægt að afhenda sjúklingi fræðslubækling um útskriftarmiðstöðina og upplýsa aðstandendur um að sjúklingurinn geti lokið sjúkrahúsdvölinni þar. Aðstandendur þurfa að vita hvar miðstöðin er staðsett og hvert þeir eiga að koma þegar þeir sækja sjúklinginn. Góðar upplýsingar og jákvæð kynning geta dregið úr óvissu og gert flutninginn ánægjulegri fyrir bæði sjúklinga og aðstandendur.

Útskriftir ræddar fyrr

Strax fyrstu dagana hefur orðið vart við jákvæð áhrif á undirbúning útskrifta. Deildir virðast ræða útskriftir fyrr og ákveða í auknum mæli daginn áður hvaða sjúklingar geti farið á útskriftarmiðstöðina. Það er ánægjuleg þróun sem auðveldar bæði legudeildunum og útskriftarmiðstöðinni að skipuleggja daginn og stuðlar að markvissara útskriftarferli.

Fyrstu dagarnir lofa góðu og sýna hvað hægt er að gera með góðri samvinnu. Áfram verður unnið náið með legudeildunum að því að þróa þjónustuna, bæta flæði og stuðla að góðri og öruggri upplifun sjúklinga við útskrift.

Allt starfsfólk og allir sjúklingar Landspítala eru hjartanlega velkomin að kíkja við á útskriftarmiðstöðinni á C3, hitta starfsfólkið og skoða aðstöðuna.

Nánari upplýsingar:

VER-0208 | Útskriftarmiðstöð - ferli sjúklings

FRÆ-0892 | Útskriftarmiðstöð - upplýsingar fyrir sjúklinga og aðstandendur

Verkefnateymi:

Kristín Katla Swan, deildarstjóri

Þórdís Friðsteinsdóttir, aðstoðardeildarstjóri

Berglind Ósk Birgisdóttir, miðlægur verkefnastjóri

Ólöf Elsa Björnsdóttir, gæðastjóri

Verklag tímabókana og stuðningur hugbúnaðarlausna



Svava Dagný Árnadóttir
Miðlægur verkefnastjóri

Sett hefur verið af stað verkefni til að einfalda og samræma skráningu tímabókana á Landspítala með innleiðingu staðlaðra forma í Sögu. Samræming á formum tímabókana mun bæta gæði gagna, yfirsýn og styðja við skipulagningu og rekstur

Markmið

- *Auka notkun staðlaðra forma tímabókana*
- *Fækka handvirkri skráningu og mismunandi vinnubrögðum milli starfseininga*
- *Bæta gæði og samanburðarhæfni gagna*
- *Styðja við áætlanagerð, afkastagreiningu og stjórnun*
- *Einfalda vinnu starfsfólks með skýrari og samræmdari verkferlum*

Fræðsluefni

Á innri vef Landspítalans undir „beint að efninu“ er að finna upplýsingasíðu Sögu. Þar eru upplýsingar um:

- *Verklag og leiðbeiningar um tímabókanir*
- *Skýringar á helstu hugtökum, svo sem formum tímabókana, aðföngum, komudeildum og áætlunum*
- *Tengingar við Söguhandbækur og Heilsugátt*
- *Leiðbeiningar og stuðning sem nýtast starfsfólki við daglega notkun*

👉 Saga - upplýsingasíða

Framundan

Á næstu mánuðum verður unnið að áframhaldandi samræmingu á formum tímabókana í Sögu. Meðal annars er unnið að því að yfirfara og flokka öll form með það að markmiði að einfalda uppsetningu þeirra, draga úr tvíverknaði og tryggja samræmd vinnubrögð þvert á starfseiningar.

Jafnframt verður unnið að því að bæta yfirsýn yfir notkun forma, styrkja gæði skráðra upplýsinga og þróa mælikvarða sem styðja við rekstrar- og þjónustugreiningar.

Í framhaldinu verður starfsfólki veittur stuðningur við innleiðingu nýrra eða uppfærðra forma.

Nokkrar staðreyndir um form tímabókana

- Um **1400** form tímabókana eru til í Sögu kerfinu
- Um **670** form tímabókana voru með skráða notkun árið 2025
- **10** mest notuðu formin standa undir um 50% allra koma
- Um **490** form voru aðeins notuð fyrir um 5% allra koma

Fréttir frá Verkefnastofu

👉 Pistill mánaðarins: Af hverju mistakast verkefni?

👉 Á verkefnagátt er nú aðgengileg safnsíða fyrir upplýsingasíður í innleiðingum. Þar má í augnablikinu t.d. finna síðu um innleiðingu nýrra blóðsykurmæla og breytingar á eyðublöðum vegna umsókna um endurhæfingu og örorku.

Ný upplýsingasíða um bráðamatsdeild komin í loftið

Á innra netinu er nú hægt að skoða sérstaka upplýsingasíðu um bráðamatsdeild lyflækninga sem til stendur að opna innan skamms við bráðamóttökuna í Fossvogi.

Þar er farið ítarlega yfir hvernig unnið verður á deildinni og hvaða hópur sjúklinga fær þjónustu þar. Útskýrt er hvaða breytingar starfsemi deildarinnar mun hafa í för með sér og hvað mun haldast óbreytt. Hægt er að skoða upplýsingasíðuna hér.



Stjórnendateymi bráðamatsdeildar: Bethan Elizabeth Griffith, yfirlæknir, Sandra Lind Jónsdóttir, aðstoðardeildarstjóri, Sigríður Árna Gísladóttir, deildarstjóri, Hlynur Indriðason, yfirlæknir, Berta Björk Arnardóttir, aðstoðardeildarstjóri, Telma Huld Ragnarsdóttir, yfirlæknir.

LANDSPÍTALI



OPIÐ HÚS

– ný bráðamatsdeild á Landspítala

Við fögnum opnun nýrrar bráðamatsdeildar á Landspítala og bjóðum starfsfólki að koma í opið hús.

Föstudaginn 25. september
Kl. 14:00–16:00

Deildarstjóri og yfirlæknir deildarinnar munu segja örfá orð og kynna starfsemi deildarinnar.

Verið hjartanlega velkomin!

Nýtt EKKO teymi styður við öruggari og heilbrigðari vinnustað

Sálrænt öryggi eykur vellíðan starfsfólks og öryggi sjúklinga



Díana Ósk Óskarsdóttir
Faglegur handleiðari og prestur

Á Landspítala hefur verið stofnað nýtt EKKO teymi sem hefur það hlutverk að samræma og styðja við meðferð mála sem varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi (EKKO). Markmiðið er að efla sálrænt öryggi, styrkja góða vinnustaðamenningu og tryggja fagleg og sanngjörn viðbrögð þegar krefjandi mál koma upp.

Hlutverk EKKO teymisins

EKKO teymið tekur á móti tilkynningum, samhæfir viðbrögð og úrvinnslu mála, veitir stjórnendum ráðgjöf og fræðslu og styður við forvarnir og eftirfylgd í EKKO málum. Markmiðið er að tryggja skýra, samræmda og réttláta málsmeðferð þar sem réttindi allra eru virt og brugðist er við án óþarfa tafa.

Með nýju teymi verður auðveldara fyrir starfsfólk og stjórnendur að leita stuðnings og tryggja að þessi viðkvæmu mál fái faglega og vandaða meðferð. EKKO teymi samanstendur af lögfræðingi, sálfræðingi, faglegum handleiðara og presti sem hafa m.a. sérhæfingu í sálfélagslegu öryggi á vinnustað.

Byggt á gagnreyndri þekkingu

Starf EKKO teymisins byggir á gagnreyndum aðferðum og viðurkenndri nálgun við úrvinnslu vinnustaðamála. Við mat á flóknum málum er meðal annars stuðst við faglega úttekt (faktaundersøkelse), aðferð sem hefur verið þróuð í samstarfi norsks vinnumarkaðar, sérfræðinga og vinnueftirlits.

Aðferðin byggir á því að afla staðreynda af hlutlægni og skapa traustan grunn fyrir sanngjarna og faglega úrlausn, ekki síst þegar frásagnir aðila fara ekki saman. Hún hefur reynst árangursrík við að skapa áreiðanlegan grundvöll fyrir ákvarðanatöku og stuðlar að vandaðri og réttlátri málsmeðferð.



EKKO teymið, frá vinstri: Rakel Davíðsdóttir, sálfræðingur og viðurkenndur þjónustuaðili Vinnueftirlitsins á sviði sálfélagslegra áhættuþátta. Dr. Díana Ósk Óskarsdóttir, teymisstjóri EKKO teymis, faglegur handleiðari og viðurkenndur þjónustuaðili Vinnueftirlitsins á sviði sálfélagslegra áhættuþátta, og Anna Birgit Ómarsdóttir, lögfræðingur.

„Með EKKO teyminu erum við að samræma viðbrögð og aðgerðir, og þar með styrkja bæði starfsfólk og stjórnendur með skýrari stuðningi og faglegri umgjörð. Markmiðið er að skapa vinnustað þar sem öryggi, virðing og traust eru í fyrirrúmi."

- Gunnar Ágúst Beinteinsson, framkvæmdastjóri rekstrar og mannauðs.

Þessi aðferðafræði byggir meðal annars á rannsóknum og þróunarstarfi prófessoranna Ståle Einarsen og Helge Hoel auk lögfræðingsins Harald Pedersen og hefur verið innleidd á fjölmörgum vinnustöðum þar sem lögð er áhersla á fagmennsku, réttlæti og sálrænt öryggi.

Sameiginleg ábyrgð á góðum vinnustað

Öruggt og heilbrigt vinnuumhverfi byggist m.a. á virðingu og góðum samskiptum. Starfsfólk, stjórnendur og Landspítali sem atvinnurekandi bera sameiginlega ábyrgð á að skapa sálfélagslegt öryggi og góða vinnustaðamenningu, þar sem fólk getur tjáð sig án ótta og brugðist er við af fagmennsku þegar upp koma erfið eða viðkvæm mál.

Rannsóknir sýna að vinnustaðir þar sem ríkir sálrænt öryggi, gagnkvæmt traust og heilbrigð samskipti stuðla ekki aðeins að aukinni vellíðan starfsfólks heldur einnig að meiri gæðum þjónustu og auknu öryggi sjúklinga.

Stuðningur þegar á reynir

Starfsfólk sem telur sig hafa orðið fyrir, orðið vart við eða hafa vitneskju um einelti, kynferðislega eða kynbundna áreitni, ofbeldi eða aðra óviðeigandi hegðun, s.s. fordóma eða mismunun, er hvatt til að tilkynna það. Sjá hér leið til tilkynningar. Sama á við þegar atvik verða í samskiptum starfsfólks og sjúklinga. Með því skapast tækifæri til að bregðast við af virðingu, styðja þau sem hlut eiga að máli, stuðla að heilbrigðu vinnuumhverfi og öryggi sjúklinga.

Saman byggjum við öruggari vinnustað

Öflug vinnustaðamenning verður ekki til af sjálfu sér. Hún byggist á virðingu, trausti og því að við tökum sameiginlega ábyrgð á því hvernig við komum fram hvert við annað. EKKO teymið er hluti af þeirri vegferð – til stuðnings starfsfólki, stjórnendum og þeim sameiginlega metnaði að Landspítali sé vinnustaður þar sem sálrænt öryggi, fagmennska og góð samskipti eru höfð að leiðarljósi.

Að þora að láta vita

Nýjar reglur um vernd uppljóstrara og örugg tilkynningargátt



Anna Birgit Ómarsdóttir
Lögfræðingur

Í stórri og flókinni starfsemi eins og á Landspítala er traust og opin samskiptamenning einn af lykilþáttum þegar kemur að öryggi sjúklinga og vellíðan starfsfólks. Við viljum öll vinna á vinnustað þar sem fagmennska er í hávegum höfð og tekið er á málum ef eitthvað fer úrskeiðis. En hvað gerir starfsmaður sem verður var við alvarlegt lögbrot eða misferli?

Til að tryggja að starfsfólk geti komið slíkum ábendingum á framfæri í öruggu skjóli hefur Landspítali samþykkt nýjar reglur um vernd uppljóstrara, á grundvelli laga nr. 40/2020 og reglna nr. 1230/2022, ásamt því að opna rafræna og örugga tilkynningargátt á innri vef spítalans.

Við hvað er átt með „uppljóstrun“?

Hugtakið *uppljóstrun* getur hljómað dramatískt, en í raun snýst það einfaldlega um að koma mikilvægum upplýsingum á framfæri í þágu almannahagsmuna.

Reglurnar taka til þess þegar starfsmaður greinir frá upplýsingum eða gögnum í góðri trú um:

- **Alvarleg lögbrot eða refsiverða háttsemi** innan starfseminnar.
- **Fjársvik, spillingu eða misferli** með fjármuni og eignir spítalans.
- **Ámælisverða háttsemi sem ógnar öryggi eða heilsu** sjúklinga, starfsfólks eða almennings.

Það er mikilvægt að hafa í huga að tilkynningargáttin kemur ekki í staðinn fyrir hefðbundin ferli vegna ágreinings á vinnustað eða kvartana um einelti og áreitni (EKKO-mál). Slík mál fara áfram eftir viðeigandi mannauðsferlum hjá stjórnendum, mannauðsdeild og EKKO-teymi, sem lesa má um í gæðahandbók Landspítala.



Fullur trúnaður og lögvarin vernd

Stærsta hindrun þess að fólk stígi fram með ábendingar er oft óttinn við að vera stimplað, lenda í ónáð eða mæta neikvæðum afleiðingum í starfi. Nýju reglurnar og lögin veita starfsfólki afar sterka vernd:

1. **Lögbundin þagnarskylda:** Þeim sem taka við ábendingum (lögfræðiteymi spítalans) er skylt samkvæmt lögum að gæta fyllsta trúnaðar um þann sem tilkynnir. Nafn uppljóstrara er aldrei gefið upp nema viðkomandi veiti til þess afdráttarlaust samþykki.
2. **Bann við óréttlátri meðferð:** Vinnuveitanda og stjórnendum er með öllu óheimilt að láta starfsmann gjalda þess að hafa miðlað upplýsingum í góðri trú. Hvers kyns hefndaraðgerðir, breytingar á starfsskyldum eða áreiti teljast alvarlegt brot í starfi sem spítalanum ber að bregðast við.

Hvernig virkar ferlið?

Ferlið er hannað til að vera einfalt, gagnsætt og öruggt:

- **Tilkynning send í tilkynningargátt:** Starfsmaður getur farið inn á tilkynningargáttina á innri vefnum og sent inn ábendingu ásamt gögnum. Einnig er hægt að leita beint til lögfræðiteymis eða næsta stjórnanda.
- **Hlutlægt mat og rannsókn:** Lögfræðiteymi Landspítala tekur við erindinu, metur það faglega og sér til þess að málið sé upplýst með réttum hætti og gætir þess að halda nafnleynd starfsmanns.
- Endurgjöf til starfsmanns: Sá sem sendir inn ábendingu á rétt á að fá upplýsingar að jafnaði innan eins mánaðar um hvernig málinu miðar og til hvaða aðgerða hefur verið gripið.

Öruggari vinnustaður fyrir öll

Að láta vita þegar eitthvað alvarlegt bjátar á er merki um faglegan metnað og umhyggju fyrir vinnustaðnum og skjólstæðingum okkar. Með tilkomu þessara nýju reglna og tilkynningargáttarinnar viljum við tryggja að allir starfsmenn Landspítala viti að tekið verður á ábendingum þeirra af fullri alvöru, fagmennsku og í skjóli algjörs trúnaðar.



Heimaspítali krabbameinsþjónustunnar:

Frá hugmynd að ómissandi þjónustu



Halldóra Hálfdánardóttir
Forstöðuhjúkrunar-fræðingur

Í febrúar 2025 var sagt frá því í Spítalapúlsinum að nýtt verkefni innan krabbameinsþjónustunnar hefði litið dagsins ljós: Heimaspítali krabbameinsþjónustunnar. Markmiðið var skýrt. Að færa hluta sérhæfðrar sjúkrahúsþjónustu heim til fólks með krabbamein, bæta upplifun sjúklinga og nýta um leið heilbrigðiskerfið á skynsamlegri hátt.

Rúmu einu og hálfu ári síðar er ljóst að hugmyndin hefur reynst árangursrík.

Heimaspítalinn hóf starfsemi í janúar 2025 með fámennt en öflugt teymi og var þjónustan í upphafi fyrst og fremst ætluð til eftirfylgdar, einkennameðferðar og stuðnings við sjúklinga sem annars hefðu þurft að vera inni á spítala. Frá þeim tíma hefur starfsemin þróast hratt og tekið að sér fjölbreyttari verkefni. Í dag sinnir teymið meðal annars ákveðnum krabbameinslyfjagjöfum, blóðhlutagjöfum og annarri sérhæfðri meðferð sem áður var aðeins veitt innan veggja spítalans.

Á bak við þessa þróun liggur mikil fagleg vinna. Það krefst þjálfunar, gerð verkferla, samvinnu ólíkra fagstétta og ekki síst hugrekkis til að hugsa þjónustuna upp á nýtt. Heimaspítalinn hefur sýnt að hægt er að veita örugga og faglega sjúkrahúsþjónustu í umhverfi sem flestir kjósa fram yfir sjúkrahúsrúm: heima hjá sér.

Árangurinn er áþreifanlegur. Á fyrsta starfsárinu fór teymið í um 1700 vitjanir til yfir 200 sjúklinga. Þrátt fyrir að sjúklingahópurinn sé orðinn flóknari hefur tekist að halda góðum tökum á meðallegutíma í þjónustunni og jafnvel stytta meðallegutíma inniliggjandi sjúklinga á lyflækningum krabbameina. Samhliða því heyrir nú frekar til undantekninga að sjúklingar krabbameinsþjónustunnar þurfi að dvelja í lánsplássum á öðrum deildum, ólíkt því sem var fyrir stofnun Heimaspítalans.

En tölurnar segja aðeins hluta sögunnar.

Mikilvægasti árangurinn birtist í daglegu lífi sjúklinga og aðstandenda. Með þjónustunni fær fólk tækifæri til að vera í eigin umhverfi, sofa í eigin rúmi og verja tíma með fjölskyldu sinni á sama tíma og það nýtur sérhæfðrar meðferðar og eftirfylgdar. Fyrir marga hefur þetta aukið öryggi, sjálfstæði og lífsgæði á tímabili þar sem slíkt skiptir miklu máli.

Heimaspítalinn hefur jafnframt orðið mikilvægur hluti af þeirri þróun sem á sér stað víða um heim þar sem æ fleiri heilbrigðisþjónustur eru færðar nær fólkinu sjálfu. Þjónustan fellur vel að þeirri sýn að sjúklingurinn sé á réttum stað á réttum tíma og að innlagnir séu aðeins notaðar þegar þeirra er raunverulega þörf.

Vilji er til að þróa þjónustuna enn frekar en til þess þarf aukna notkun stafrænna lausna og tryggingu á mönnun þess sérhæfða starfsfólks sem nauðsynlegt er.

Þegar litið er til baka er erfitt að trúa því að aðeins séu rúmir átján mánuðir frá fyrstu vitjuninni. Það sem hófst sem nýsköpunarverkefni hefur á skömmum tíma orðið mikilvægur hluti af krabbameinsþjónustu Landspítala. Sú vegferð hefði ekki verið möguleg án metnaðar starfsfólks, stuðnings stjórnenda og trausts þeirra sjúklinga sem hafa tekið þátt í þessari nýju nálgun.



Öryggi sjúklinga með langvinna sjúkdóma

17. september kl. 13-16
Staður: Nesstofa, embætti landlæknis, Katrínartún 2, 6. hæð
Fundarstjóri: Þorbjörg Inga Þorsteinsdóttir verkefnastjóri á heilbrigðissviði Hrafnistu
Heiðursgestur: Alma D. Möller heilbrigðisráðherra

Hægt verður að fylgjast með málþinginu í beinu streymi.

Dagskrá málþings

13:00
Opnunarerindi
María Heimisdóttir landlæknir

13:10
Ávarp heilbrigðisráðherra
Alma D. Möller

13:15
Sjúklingaöryggi – sameiginlegt verkefni sjúklingsins og heilbrigðiskerfisins
Hrönn Stefánsdóttir, formaður Gigtarfélags Íslands

13:30
Gæði og þróun þjónustu í heilsugæslu fyrir fólk með langvinnan heilsuvanda
Jórlaug Heimisdóttir verkefnastjóri heilsueflandi móttaka, Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu

13:45
Öryggi einstaklinga með heilabilunarsjúkdóma
Steinunn Þórðardóttir öldrunarlæknir, framkvæmdastjóri lækninga á Hrafnistu

14:00
Örugg lyfjanotkun á efri árum – þátttaka þín skiptir máli
Anna Bryndís Blöndal lyfjafræðingur, forstöðumaður Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu

14:15
Hvernig getur ISO7101 gæðastjórnunarkerfið stutt öryggi sjúklinga með langvinna sjúkdóma?
Garðar Jónsson gæðastjóri hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands

14:30
Kaffihlé

14:45
Dælt er heima hvað - öryggi sjúklinga heima í héraði
Eyjólfur Þorkelsson heimilislæknir, framkvæmdastjóri lækningaa Heilbrigðisstofnun Austurlands

15:00
„Ég finn mikið öryggi að vita af því að hægt er að leita til þeirra, betri stjórnun á sjúkdómi“
Margrét Sigmundsdóttir hjúkrunarfræðingur, göngudeild barna með sykursýki, Landspítala

15:15
Fjarvöktun í hjartaþjónustu Landspítala
Brynja Laxdal hjúkrunarfræðingur, verkefnastjóri hjartagátt Landspítala

15:30
Krabbameinsmiðstöð - vottun krabbameinsþjónustu
Vigdís Hallgrímsdóttir framkvæmdastjóri hjarta- augn- og krabbameinsþjónustu, Landspítala

15:45
Heimaspítali: Hverju þarf að huga að þegar sjúkrahúsið flytur heim?
Guðný Stella Guðnadóttir yfirlæknir og Sæbjörg Másdóttir teymisstjóri heimaspítala, Heilbrigðisstofnun Suðurlands

16:00
Málþingi slitið

Embætti landlæknis

Nám í ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun mikið framfaraskref

Í byrjun sumars útskrifaðist fyrsti hópurinn úr ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun, sem er ný námsleið við Háskólann á Akureyri. Í hópnum var Erna Kristín Sigmundsdóttir, iðjuþjálfi á Landakoti.

Að sögn Ernu hefur síðustu ár orðið mikil vitundarvakning um þarfir fólks með heilabilun og aðstandenda þeirra. Samhliða hækkandi meðalaldri samfélagsins fjölgar þeim sem lifa með heilabilunarsjúkdóma og kallar það á aukna sérþekkingu, nýjar nálganir í þjónustu og markvissa fræðslu til fagfólks.



Erna Kristín Sigmundsdóttir, iðjuþjálfi á Landakoti.

Öðlast skilning á eðli og ferli heilabilunar

Í náminu er lögð áhersla á að tengja saman fræðilega þekkingu og hagnýta færni. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist skilning á eðli og ferli heilabilunar ásamt þekkingu á áhrifum sjúkdómsins á daglegt líf. Nemendur eru einnig þjálfaðir í færni í ráðgjöf við einstaklinga og aðstandendur og fá innsýn í hvernig má takast á við siðferðileg álitaefni og efla samstarf fagstétta. Erna segir nám í ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun mikilvægt framfaraskref í íslensku menntakerfi.

„Frá sjónarhorni iðjuþjálfunar er ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun órjúfanlegur hluti af því að styðja einstaklinginn í daglegu lífi og viðhalda sem mestri þátttöku. Iðjuþjálfar horfa ekki eingöngu á einkenni sjúkdómsins heldur hvernig þau snerta líf einstaklingsins í heild – hvað hann getur enn gert, hvað skiptir hann máli og hvernig megi styðja hann til að upplifa öryggi, tilgang og vellíðan í daglegum athöfnum," segir Erna.

„Ranghugmyndir og breytt skynjun geta haft djúpstæð áhrif á líðan og samskipti, og þar kemur ráðgjöf inn sem lykilþáttur. Með því að aðlaga umhverfi, einfalda daglegt skipulag og styðja aðstandendur í að bregðast við með skilningi og ró má skapa aðstæður þar sem einstaklingurinn upplifir minna álag og meiri öryggi. Slíkar breytingar geta haft afgerandi áhrif á daglega líðan og getu til þátttöku.

Að lokum snýst ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun um meira en að bregðast við einkennum sjúkdómsins. Hún snýst um að bæta lífsgæði einstaklings sem hefur oft misst að einhverju leyti hæfni til að skapa sér sjálfur góðar aðstæður. Með markvissri ráðgjöf er hægt að styðja við það sem enn er til staðar – styrkleika, venjur og merkingarbærar athafnir, og þannig skapa aðstæður þar sem meira rými myndast fyrir ró, tengsl og lífsgæði þrátt fyrir áskoranir sjúkdómsins."

Áhrif greiningar heilabilunar á aðstandendur oft vanmetin

Erna segir námið nýtast sér daglega í starfi á Landakoti, bæði í vinnu með einstaklingum á deild minnisraskana L4 og í leiðsögn til starfsfólks og aðstandenda.

„Þegar einstaklingur greinist með heilabilun eru það oftast aðstandendur sem taka við stærstu ábyrgðinni. Sú vegferð getur verið löng og krefjandi og áhrif hennar á líf aðstandenda eru oft vanmetin. Stór hluti ráðgjafar felst í því að styðja við fjölskyldur, fræða þær um framgang sjúkdómsins, benda á þau úrræði sem henta og hvetja fólk til að huga einnig að eigin heilsu og vellíðan. Aðstandendur þurfa að fá leyfi til að hvíla sig, rækta eigin áhugamál og njóta samveru með sínum nánustu án samviskubits. Með góðum stuðningi og fræðslu eru þeir betur í stakk búnir til að takast á við þær breytingar sem fylgja sjúkdómnum og viðhalda sem best lífsgæðum, bæði fyrir sjálfa sig og þann sem þeir styðja."

„Frá sjónarhorni iðjuþjálfunar er ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun órjúfanlegur hluti af því að styðja einstaklinginn í daglegu lífi og viðhalda sem mestri þátttöku."

Fræðsludagur minnismóttökunnar

HEILABILUNAR-SJÚKDÓMAR - GREINING, HVAÐ SVO?



Miðvikudaginn 23. september kl. 13-16 í húsnæði Íslenskrar Erfðagreiningar, Sturlugötu 8, 101 Reykjavík

Fundarstjóri: Hjördís Halldóra Sigurðardóttir, deildarstjóri Legudeild minnisraskana, deild L4 Landakoti

Tímavörður: Gunnhildur María Kildelund, sérfræðingur í hjúkrun, Landakoti

DAGSKRÁ

12:30
skráning

13:00
Heilsuvernd eldra fólks á heilsugæslunni
Hildur Ýr Hvanndal, HÖR hjúkrunarfræðingur og sérfræðingur í heilsugæsluhjúkrun. Sóley Hauksdóttir, HÖR hjúkrunarfræðingur og nemi í heilabilunarráðgjöf

13:30
Nýjungar í greiningu og meðferð á minnismóttökunni
Helga Eyjólfsdóttir, öldrunarsérfræðingur Landspítala og Guðlaug Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur göngu- og samfélagsdeild Landakoti

14:00
Daglegt líf með heilabilunarsjúkdóma
Erna Kristín Sigmundsóttir, iðjuþjálfi Landakoti og ráðgjafi í málefnum einstaklinga með heilabilunarsjúkdóma og Harpa Björgvinsdóttir, iðjuþjálfi og forstöðukona Seiglunnar, dagþjálfun hjá Heilahjálp

14:30
Kaffi

14:50
Úrræði á hjúkrunarheimilum, erfið tilfelli og lausnir
Steinunn Þórðardóttir, framkvæmdastjóri lækninga á Hrafnistu og formaður læknafélags Íslands og Jóhanna Gilsdóttir, atferlisfræðingur á Hrafnistu

15:20
Upplifun aðstandanda
Kolbrún Birna Halldórsdóttir, maki

15:50
Dagskrárlok

Þátttökugjald er 6.000.- kr., vinnustaðastreymi kostar 30.000.-kr.

Skráning fer fram í tölvupósti: heilabilunardagur@landspitali.is (einnig þarf að koma fram ef einstaklingur óskar eftir streymi).

Lokadagur skráningar er 21.september. Gjafapoki frá styrktaraðilum á meðan birgðir endast.

Undirbúningsnefnd

Erna Kristín Sigmundsdóttir
Gunnhildur María Kildelund
Guðlaug Guðmundsdóttir
Helga Atladóttir
Helga Eyjólfsdóttir
Hjördís Halldóra Sigurðardóttir
Nína Sigrún Kristjánsdóttir

LANDSPÍTALI



Skýr samstaða um mikilvægi hjúkrunarskráningar

Viðhorfskönnun meðal hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á Landspítala sýnir jákvætt viðhorf til hjúkrunarskráningar en bendir jafnframt á þörf fyrir einfaldari skráningu og aukins svigrúms til hennar



Erla Dögg Ragnarsdóttir
Forstöðuhjúkrunar-fræðingur



Hildur Jónsdóttir
Verkefnastjóri

Vorið 2026 framkvæmdi stýrinefnd um skráningu hjúkrunar viðhorfskönnun meðal hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á Landspítala. Alls bárust 379 svör frá einstaklingum sem starfa víðs vegar um spítalann. Um 95% svarenda voru konur og rúmlega þriðjungur hafði starfað við hjúkrun í meira en 20 ár. Markmið könnunarinnar var að fá betri innsýn í það hvernig starfsfólk upplifir hjúkrunarskráningu, hvaða þættir styðja við góða skráningu og hvaða áskoranir standa helst í vegi fyrir markvissri og faglegri skráningu. Sem fyrr segir er um viðhorfskönnun að ræða en ekki formlega úttekt né rannsókn og því litið svo á að niðurstöðurnar gefi stýrinefndinni mikilvægar vísbendingar um hvar tækifæri til umbóta liggja og munu nýtast henni við áframhaldandi þróun og forgangsröðun verkefna.

Eitt það skýrasta sem fram kemur í könnuninni er jákvætt viðhorf þátttakenda til mikilvægis hjúkrunarskráningar. Nær allir svarendur eru sammála eða mjög sammála því að góð hjúkrunarskráning hafi bein áhrif á gæði hjúkrunar. Sama mynstur kemur fram þegar spurt er um hvort hjúkrunarskráning stuðli að samfellu í meðferð og umönnun sjúklinga og hvort skráning geri faglegt framlag hjúkrunar sýnilegra. Í öllum þessum spurningum eru um eða yfir 97% svarenda sammála eða mjög sammála staðhæfingunum. **Niðurstöðurnar sýna að afar víðtæk samstaða er meðal hjúkrunarfræðinga um mikilvægi hjúkrunarskráningar fyrir gæði þjónustu og öryggi sjúklinga.**

Þegar spurt er um tengsl hjúkrunarskráningar við klínískt starf kemur einnig fram jákvæð afstaða. Um 95% svarenda eru sammála eða mjög sammála því að hjúkrunarskráning hafi raunverulegt gildi fyrir teymisvinnu og ákvarðanatöku. Um 90% telja að hjúkrunargreiningar og hjúkrunarmeðferðir geri meðferð og umönnun markvissari og **91% segja að hjúkrunarskráning styðji við klíníska rökhugsun þeirra.**

Svarendur lýsa jafnframt miklu trausti á eigin skráningarhæfni. Um 99% segjast leggja sig fram um að hjúkrunarskráning þeirra sé markviss, fullnægjandi og fagleg og 93% telja að skráning þeirra endurspegli þá hjúkrun sem þeir veita í daglegu starfi. Þegar spurt er um gerð hjúkrunaráætlana eru um 90% sammála eða mjög sammála því að þeir setji fram hjúkrunaráætlun af öryggi.

Mestu áskoranirnar koma fram þegar horft er til skipulagslegra og kerfislægra þátta. Þótt rúmlega 76% svarenda telji að hjúkrunarskráning sé metin að verðleikum á þeirra deild eru aðeins tæp 50% sammála eða mjög sammála því að þeir hafi nægan tíma til að sinna hjúkrunarskráningu á vöktum. Á sama tíma eru rúmlega 26% ósammála eða mjög ósammála þeirri staðhæfingu. Svipuð niðurstaða kemur fram varðandi skráningarkerfin. Um 58% telja þau notendavæn og styðja við klíníska hugsun en rúmlega 19% eru ósammála eða mjög ósammála því.

Þegar svarendur voru beðnir um að velja hvaða þættir hamla helst fullnægjandi hjúkrunarskráningu komu fram skýr skilaboð um þær áskoranir sem starfsfólk mætir í daglegu

Framhald á næstu síðu. ▶

starfi. Tímaskortur og vinnuálag voru oftast nefnd, ásamt endurtekningum í skráningu, skorti á næði og takmörkuðu aðgengi að tölvubúnaði. Margir bentu jafnframt á að núverandi skráningarkerfi væru flókin eða styðji ekki nægilega vel við hjúkrunarskráningu (mynd 1).

Í spurningum um fræðslu og stuðning kom fram að um 56% svarenda telja sig vita hvar leiðbeiningar og viðmið um hjúkrunarskráningu sé að finna. Á sama tíma telja um 76% að þeir myndu njóta góðs af skýrari leiðbeiningum og frekari fræðslu. Samkvæmt mynd 2 leggja svarendur einkum áherslu á aukið svigrúm til skráningar, skýrari leiðbeiningar og viðmið, betri skráningarkerfi og færri truflanir í starfi. Jafnframt kemur fram skýr ósk um meiri fræðslu og endurmenntun sem getur stutt við markvissari og samræmdari skráningu.


Þegar spurt var um upplýsingaskrá komu fram niðurstöður sem benda til þess að tækifæri séu til frekari þróunar og aukinnar nýtingar hennar í hjúkrunarskráningu. Um 60% svarenda segjast skrá markvisst í upplýsingaskrá og rúmlega helmingur nýtir hana við gerð hjúkrunaráætlana. Um 78% telja að fræðsla um notkun upplýsingaskrár myndi auka markvissa notkun hennar og rúmlega helmingur telur að núverandi hönnun hennar dragi úr markvissri notkun.

Eins og mynd 3 sýnir þá er rúmlega helmingur svarenda, eða um 51%, sem notar bæði Sögu og Heilsugátt við hjúkrunarskráningu. Um 28% nota eingöngu Sögu og um 21% eingöngu Heilsugátt.

Í lok könnunarinnar gafst þátttakendum kostur á að svara opnum spurningum um hvað myndi hafa mest áhrif á gæði hjúkrunarskráningar, hvað gæti aukið áhuga og hvatningu til skráningar og hvaða einu atriði þeir myndu helst vilja breyta varðandi hjúkrunarskráningu á Landspítala. Þótt svörin væru fjölbreytt komu fram nokkur skýr og endurtekin þemu. Starfsfólk kallaði eftir raunverulegu svigrúmi til skráningar með meiri tíma, minna álagi og meiri vinnufrið. Einnig var lögð áhersla á eitt sameinað og notendavænt skráningarkerfi, einfaldari og klínískt gagnlegri skráningu, markvissa og samfellda fræðslu og skýrari forystu og eftirfylgni frá stjórnendum.


Margir töldu að minni tvískráning, samræmdari vinnubrögð, betri nýting upplýsinga í teymisvinnu og einfaldari uppbygging hjúkrunargreininga myndi bæði auka áhuga starfsfólks og bæta gæði hjúkrunarskráningar. Einnig komu fram ábendingar um mikilvægi samræmdra vinnubragða, skýrari væntinga til skráningar og þess að skráðar upplýsingar nýtist sýnilega í teymisvinnu og klínískri ákvarðanatöku. Þegar svarendur voru beðnir um að nefna eitt atriði sem þeir myndu helst vilja breyta kom sameinað skráningarkerfi oftast fram ásamt einföldun hjúkrunargreininga, endurskoðun upplýsingaskrár og bættri notendaupplifun kerfanna.

Hvað hamlar helst fullnægjandi hjúkrunarskráningu í þínu starfi?




Mynd 1

Hvers konar stuðning myndir þú helst vilja til að bæta hjúkrunarskráningu?



Mynd 2

Hvaða skráningarkerfi notar þú helst við skráningu hjúkrunar?



Mynd 3

Þakklæti við starfslok

Þetta góða fólk starfaði á Landspítala í um og yfir 20 ár á hinum ýmsu deildum og lætur nú af störfum vegna aldurs. Landspítali þakkar þeim góð störf og óskar þeim velfarnaðar í þeim lífsins verkefnum sem framundan eru.



Erla Björk Sverrisdóttir
Verkefnastjóri



Erna Þórarinsdóttir
Ráðgjafi/ stuðningsfulltrúi



Gyða Baldursdóttir
Verkefnastjóri



Hanna Ingibjörg Birgisdóttir
Hjúkrunarfræðingur



Haukur Hjaltason
Sérfræðilæknir



Margrét Ágústsdóttir
Skrifstofumaður



Sigríður Jónsdóttir
Sjúkraliði



Sigurður Þ Þórðarson
Félagsliði



Stefanía Björg Stefánsdóttir
Hjúkrunarfræðingur



Stefán Alfreðsson
Perfusionist



Vigdís A Gunnlaugsdóttir
Lífeindafræðingur

Þakklæti við starfslok

Þetta góða fólk starfaði á Landspítala í um og yfir 20 ár á hinum ýmsu deildum og lætur nú af störfum vegna aldurs. Landspítali þakkar þeim góð störf og óskar þeim velfarnaðar í þeim lífsins verkefnum sem framundan eru.



Þórunn Björk Einarsdóttir
Sjúkraliði



Áshildur Kristjánsdóttir
Sérfræðingur í hjúkrun



Ástríður Ingibjörg Hannesdóttir
Hjúkrunarfræðingur



Esther Hjálmarsdóttir
Hjúkrunarfræðingur



Fely Hrafney Almirol Advincula
Starfsmaður



Guðný Védís Guðjónsdóttir
Hjúkrunarfræðingur



Gunnhildur Knútsdóttir
Sjúkraliði



Jane Skowronski
Sótthreinsitæknir



Kristín Viktorsdóttir
Ljósmóðir



Svala Helga Eiríksdóttir
Heilbrigðisgagnafræðingur

LANDSPÍTALI

Útgefandi: Samskiptateymi Landspítala | Ljósmyndir: Þorkell Þorkelsson | Ábendingar um efni í Spítalapúlsinn: samskiptateymi@landspitali.is